FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

173. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 25. JÚLÍ 2017



**Metaðsókn á Árbæjarsafni** Gríðarlegur fjöldi, einkum börn, sótti Árbæjarsafn heim í gær til að horfa á leiksýningu Brúðubílsins. Samkvæmt talningu starfsfólks Árbæjarsafns mættu um það bil 2.800 manns til að fylgjast með sýningunni. Eins og sjá má vakti Blái refurinn mikla lukku, en sýningin var sú síðasta sem Brúðubíllinn heldur í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fyrirskipa ákæru í máli sem var áður fellt niður

**Ríkissaksóknari vill að ákæra verði gefin út í þriggja ára gömlu nauðgunarmáli sem héraðssaksóknari hafði fellt niður. Athygli vekur að ekki er farið fram á frekari rannsókn. Bendir til að ríkissaksóknari telji meiri líkur en minni á sakfellingu.**

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur fellt niður ákvörðun héraðssaksóknara um að gefa ekki út ákæru í nauðgunarmáli. Brotið átti sér stað í heimahúsi fyrir þremur árum en var ekki kært til lögreglu fyrr en fyrir um einu ári. Málið komst í kastljós fjölmiðla þegar unnusti konunnar réðist á hinn grunaða í verslun Krónunnar á Granda.

Um þrjú ár eru síðan konan fór í partý með þáverandi kærasta sínum þar sem hún hitti vin kærastans. Morguninn eftir vaknaði hún við hliðina á umræddum vini sem hún segir hafa haft við hana munnmök gegn hennar vilja. Konan kærði málið síðasta sumar. Lögregla rannsakaði málið og fór það í framhaldinu á borð héraðssaksóknara. Þar var málið fellt niður.

Konan leitaði í framhaldinu til Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmanns sem kærði ákvörðunina til ríkissaksóknara. Ríkissaksóknari komst að þeirri niðurstöðu á dögunum að héraðssaksóknara bæri að gefa út ákæru í málinu. Það staðfestir Daði Kristjánsson, saksóknari hjá Embætti ríkissaksóknara, við Fréttablaðið.

Athygli vekur að ríkissaksóknari kallar ekki eftir því að héraðssaksóknari skoði málið betur heldur vill að ákæra verði gefin út í málinu. Það bendir til þess að ríkissaksóknari telji meiri líkur en minni á sakfellingu í málinu.

Kærasti konunnar fékk á dögunum fimm mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir að hafa ráðist á meintan geranda í Krónunni. – ktd

## Ræsi í Laugalæk reita fólk til reiði

**UMHVERFISMÁL** „Það eina rétta í stöðunni er að þetta verði fjarlægt þegar í stað,“ segir Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands um tvö ræsi sem fyrirvaralaust voru sett ofan í Laugalæk við Landmannalaugar um þarsíðustu helgi.

Ræsunum var komið fyrir af verktaka á vegum Vegagerðarinnar á Suðurlandi. Óhætt er að segja að framkvæmdin hafi farið illa í þá sem starfa í Landmannalaugum eða tengjast staðnum á einhvern hátt. Forundran og hörð gagnrýni einkenna umræðu um málið á spjallþráðum. – gar / sjá síðu 4



Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands

## Fréttablaðið í dag

**FRÉTTIR** Gjaldtaka á ferðamannastöðum hefur færst í aukana samhliða vexti ferðaþjónustu. 8

**SKOÐUN** Jóna Sólveig Elínardóttir skrifar um neikvæð áhrif krónunnar á húsnæðismál. 11



**SPORT** Krafan um U23 landslið kvenna í fótbolta er hávær. 12

**LÍFIÐ** Húðflúrstofan Immortal Art hefur verið opnuð á nýjan leik á nýjum stað. 22

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Veður




Austlæg átt 5-10 m/s, en vaxandi vindur við suður- og suðvesturströndina. Skýjað að mestu suðaustanlands, víða þokubakkar við austurströndina og sums staðar norðantil. SJÁ SÍÐU 16



**Jökulsárlón verður friðlýst klukkan 13.00 í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Má búast við uppbyggingu eftir friðlýsingu

**UMHVERFISMÁL** Björt Ólafsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, undirritar í dag reglugerð sem felur í sér friðlýsingu Jökulsárlóns og nærliggjandi svæðis sem hluta Vatnajökulsþjóðgarðs.

„Ég er rosalega ánægð með þessa friðlýsingu. Hún markar tímamót í náttúruvernd og uppbyggingu á friðlýstum svæðum á landinu,“ segir Björt og bætir við að með friðlýsingunni sé Ísland í fyrsta sinn að friðlýsa land allt frá fjalli og ofan í fjöru.



**Björt Ólafsdóttir umhverfisráðherra**

Ráðherra segir að búast megi við því að uppbygging á svæðinu hefjist í kjölfar friðlýsingar. „Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs fer með þau áform. Ég veit að fólk er að vinna að því að finna bestu lausnir hvað varðar bílastæði og aðgengi og hefur í huga að haga uppbyggingu á þann hátt að hún skerði ekki upplifun ferðamanna.“

Björt segir einstaklega ánægjulegt að verið sé að friðlýsa svæðið nú skömmu eftir að ríkið keypti jörðina Fell. „Ég vil líka þakka fyrir það að heimamenn, sérstaklega sveitarstjórn Hornafjarðar, hafa staðið þétt að málinu og allir verið samstíga hvað gera skal. Þessi mikla samvinna hefur leitt málið til lykta.“ **– þea**

## Unnið af kappi



Framkvæmdir eru í gangi við Reykjanesbraut í Hafnarfirði. Er þar verið að gera ný mislæg gatnamót Reykjanesbrautar og Krýsuvíkurvegar. Framkvæmdirnar eru fyrsti áfangi í því að ljúka tvöföldun Reykjanesbrautar, en Jón Gunnarsson samgönguráðherra sagði í upphafi ráðherratíðar sinnar að framkvæmdirnar væru forgangsmál. Gatnamótin eru ein þau hættulegustu á landinu að sögn ráðherrans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Stelpurnar gera allt til að vinna

**EM2017** Íslenska landsliðið í knattspyrnu kvenna mætir Austurríkismönnum í Rotterdam á morgun í sínum síðasta leik á Evrópumeistaramótinu. Þar sem liðið tapaði hinum tveimur leikjunum í riðli sínum á það ekki möguleika á að komast áfram í átta liða úrslit. Þær ætla sér þó að vinna leikinn.

„Stelpurnar hafa að engu að keppa miðað við það að þær séu úr leik. Þær hafa samt sagt í viðtölum við okkur, og þjálfarinn lagði áherslu á það á blaðamannafundi í gær, að það sem skipti máli væri að gera allt til að vinna,“ segir Kolbeinn Tumi Daðason á fréttastofu 365 sem staddur er í Hollandi.

Segir Tumi að þótt leikurinn skipti ekki máli þannig séð skipti hann leikmenn máli. „Þær vilja endurgjalda þann stuðning sem þær hafa fundið fyrir.“ **– þea**

# Bjóða foreldrum lán fyrir tölvu með vöxtum

**Foreldri barns í Vallaskóla á Selfossi segir strjúka sér öfugt að sveitarfélag láni fyrir námsgögnum með vöxtum. Kennari við skólann segir hugmyndinni vel tekið. „Ekki í anda grunnskólalaga,“ segir stjórnarmaður Heimila og skóla.**

**SKÓLAMÁL** Sveitarfélagið Árborg býður foreldrum og nemendum spjaldtölvur á kaupleigu, en spjaldtölvuvæðing stendur fyrir dyrum í Vallaskóla á Selfossi. Sveitarfélagið kaupir þá tækin, með afslætti, á 45.042 krónur. Sveitarfélagið hefur svo samþykkt að lána fjölskyldum fyrir kaupunum á 3,5 prósent vöxtum. „Það er mun hagstæðara en aðrar lánastofnanir eru að bjóða og er þetta gert til að halda verði í algjöru lágmarki,“ segir í kynningarbæklingi sem foreldrum var sendur.

Vert er að nefna að foreldrar eru ekki skyldugir til að kaupa tæki. Nemendur geta fengið afnot af tækjum í eigu skólans. Þau tæki eru af eldri gerð og geymd í skólanum.

„Það er ekki í anda grunnskólalaga að foreldrar fjármagni spjaldtölvuvæðingu skólans,“ segir Þröstur Jónasson, stjórnarmaður hjá Heimilum og skóla, landssamtökum foreldra. „Í Kópavogi til dæmis var farin sú leið að sveitarfélagið kaupir spjaldtölvur fyrir alla og nemendurnir hafa allir sams konar tæki til afnota án endurgjalds. Foreldrar geta líka keypt spjaldtölvuna á góðum afslætti og nemandinn haldið henni í sumarfríum og eftir að skólagöngu lýkur.“

Leifur Viðarsson, kennari við Vallaskóla, segir hugmyndinni almennt vel tekið meðal foreldra. „Það er auðvitað enginn skyldugur að kaupa tæki og við munum gæta þess að engin mismunun verði í því.“



**Spjaldtölvuvæðing stendur fyrir dyrum í Vallaskóla.** ADSEND/GUÐMUNDUR KARL

> Kostnaðarþátttaka grunnskólanema upp á tugi þúsunda króna samrýmist ekki anda Barnasáttmálans.
>
> Siv Friðleifsdóttir, formaður Velferðarvaktarinnar



Foreldri barns í skólanum, Eva Ísfeld, segist skilja hugsunina að baki. „Að efnaminni foreldrar geti fengið aðstoð við tækjakaupin . En þetta strýkur mér öfugt verð ég að segja, að sveitarfélagið sé að lána fyrir námsgögnum með vöxtum.“

Velferðarvaktin stendur fyrir könnun hjá sveitarfélögum landsins um kostnaðarþátttöku grunnskólanema varðandi skólagöngu. Sveitarfélögin eru hvött til að halda þeim kostnaði í lágmarki til að koma til móts við þá sem standa höllum fæti.

„Kostnaðarþátttaka nemenda upp á tugi þúsunda króna samrýmist ekki anda Barnasáttmálans né grunnskólalaganna. Velferðarvaktin hefur hvatt sveitarfélög til að leggja hana af eða halda í lágmarki svo bágur efnahagur komi ekki niður á lífi barna,“ segir Siv Friðleifsdóttir, formaður Velferðarvaktarinnar.

adalheidur@frettabladid.is






Þið smellpassið saman. AYGO og þú með vinum þínum út í sveit. Brostu hringinn meðan þú snattast í bænum.
Njóttu þess að mynda ný tengsl með AYGO í sumarsólinni.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með öllum AYGO**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ | 2 ÁRA ÞJÓNUSTA | FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Telur borgina hafa orðið af 200 milljónum

**REYKJAVÍK** Borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina telur að Reykjavíkurborg hafi tapað tæplega 200 milljónum króna á því að bíða ekki með að selja fasteignirnar við Laugaveg 4 og 6 og Skólavörðustíg 1a. Fulltrúar meirihluta borgarráðs vísa því á bug.

Borgarráð samþykkti í síðustu viku að selja fasteignina að Vonarstræti 4, ásamt byggingarrétti, til Íslandshótela, en vonir standa til að fasteignin verði hluti af nýju hóteli keðjunnar. Bílastæðasjóður er nú þar til húsa. Var kaupverðið 399,3 milljónir króna.

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, borgarráðsfulltrúi Framsóknar, segir að í júlí 2014 hafi borgin selt fasteignir á Laugavegi 4-6 og Skólavörðustíg 2a á 365 milljónir króna. Borgarráðsfulltrúar flokksins hafi þá mótmælt sölunni og sagt verðið of lágt og tímasetninguna ranga, enda væru fyrirséðar miklar hækkanir á fasteignaverði.

Sveinbjörg segir að miðað við verðmatið á Vonarstræti 4 hefði borgin getað fengið 551 milljón króna fyrir fasteignirnar á Laugavegi 4-6 og Skólavörðustíg 2a.

„Tapið af því að fara ekki að tillögu Framsóknar og flugvallarvina um að bíða með sölu á eignunum er því ekki óvarlega áætlað tæplega 200 milljónir,“ segir hún.

Borgarráðsfulltrúar meirihlutans bókuðu á fundinum að byggingarréttur fyrir bakhús og kjallara, þar sem hýsa ætti verslun við Laugaveg, og byggingarréttur fyrir hótel á besta stað við Vonarstræti væri ekki sambærilegt. Fasteignirnar á Laugavegi hefðu verið auglýstar á vegum fasteignasala og í kjölfarið seldar hæstbjóðanda. **– kij**


**Lóðin þar sem Íslandshótel hyggst reisa hótel.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ

## Bankastjórar græða á bréfum

**BANDARÍKIN** Virði hlutabréfa í eigu bankastjóra tveggja af stærstu bönkum heims, JPMorgan Chase og Goldman Sachs, jókst um 314 milljónir dala, eða 33 milljarða króna, í fyrra. Nutu þeir sérstaklega góðs af hækkunum á hlutabréfaverði bankanna í kjölfar kosningasigurs Donalds Trump í nóvember.

Virði hlutabréfa í eigu bankastjóranna, Jamies Dimon hjá JPMorgan og Lloyds Blankfein hjá Goldman Sachs, jókst um rúmar 150 milljónir dala hjá hvorum um sig á síðasta ári, samkvæmt Financial Times. Á sama tíma jókst virði hlutabréfaeignar bankastjóra átján stærstu banka heims, að JPMorgan og Goldman Sachs undanskildum, samanlagt um aðeins fjórar milljónir dala. **– kij**

## Ekki í slagtogi með Rússum

**BANDARÍKIN** Jared Kushner, tengdasonur og ráðgjafi Donalds Trump Bandaríkjaforseta, sagðist ekki hafa verið í slagtogi með rússneskum yfirvöldum þegar hann vann að forsetaframboði Trumps í fyrra þegar hann kom fyrir þingnefnd öldungadeildar Bandaríkjaþings í gær. Sagði hann allar sínar aðgerðir á meðan framboði stóð venjulegar og sæmandi forsetaframboði.

Alríkislögregla Bandaríkjanna rannsakar nú meint áhrif Rússa á forsetakosningarnar og mögulegt samráð við framboð Trumps. Hafa augu fjölmiðla beinst að Kushner eftir að upp komst að hann sat fund, ásamt Donald Trump yngri, með rússneskum lögfræðingi er sagður er sendiboði Rússlandsstjórnar.

Kushner var hins vegar afdráttarlaus í gær. „Ég hafði ekkert samráð við Rússland og veit ekki til þess að neinn annar innan framboðsins hafi gert það.“ **– þea**

# Nýtt ræsi í Landmannalaugum hneykslar ferðaþjónustumenn

**Tvö ræsi sem Vegagerðin setti fyrir rúmri viku í Laugakvísl í Landmannalaugum til þess að þvera ána mæta harðri gagnrýni. Framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands segir að ræsin verði að fjarlægja tafarlaust. Þau séu þvert gegn sýninni um óspillta náttúru og andstæð markmiðum um að rýma svæðið og færa bílastæði fjær.**


**Nýju ræsin tvö í Landmannalaugum og raskið í kring um þau þykja lítil staðarprýði.** MYND/SMÁRI RÓBERTSSON

**UMHVERFISMÁL** „Það eina rétta í stöðunni er að þetta verði fjarlægt þegar í stað,“ segir Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands, um ræsi sem fyrirvaralaust voru sett ofan í Laugalæk við Landmannalaugar um þarsíðustu helgi.

Ræsunum var komið fyrir af verktaka á vegum Vegagerðarinnar á Suðurlandi. Óhætt er að segja að framkvæmdin hafi farið illa í þá sem starfa í Landmannalaugum eða tengjast staðnum á einhvern hátt. Forundran og hörð gagnrýni einkennir umræðu um málið.

„Það er mikil reiði og hneykslan meðal ferðaþjónustuaðila á svæðinu,“ segir Páll. Hann bendir á að mannvirkið breyti upplifun fólks af óspilltri náttúru og því að keyra yfir ár og læki. Þarna kemur þessi stórfellda framkvæmd mitt inn í þetta heilaga svæði.“

Laugalækur rennur úr Landmannalaugum og er fyrir innan Námakvísl sem enn er óbrúuð. „Við höfðum enga hugmynd um þetta og enginn sem við heyrðum í virtist vita nokkuð um þetta. Að því er virðist var þetta gert án vitundar og samráðs við nokkurn mann,“ segir Páll sem kveðst hafa fengið haldlitlar skýringu á málinu hjá Vegagerðinni. „Hún var á þeim nótum að þarna væru bílar að festa sig og yrðu drullugir.“

Páll segir slæmt að framkvæmdin sé þvert á öll áform í yfirstandandi deiliskipulagsvinnu þar sem færa eigi bílastæði og rýma Landmannalaugar af mannvirkjum. „Allar aðrar framkvæmdir hafa verið óheimilar á meðan og þarna kemur allt í einu þessi stórgerða framkvæmd sem virðist einhvern veginn fara fram hjá öllu kerfinu. Það er verið að bæta aðgengi og gefa möguleika á að Yaris bílaleigubílar streymi þarna inn eftir. Og þetta er líka algerlega þvert gegn sýninni um óspillta náttúru á svæðinu.“

> **Þarna kemur þessi stórfellda framkvæmd mitt inn í þetta heilaga svæði.**
>
> Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands



Páll segir umferð inn á svæðið ekki hafa aukist enn vegna framkvæmdarinnar. „En þetta býður hættunni heim að einhverjir freistist til að keyra á fólksbílum yfir Námakvíslina þegar þeir sjá þessi ræsi í Laugalæk hinum megin við ána. Þegar þú ert kominn á hinn bakkann og sérð að þarna er kominn vegur eru meiri líkur á að þú leggir af stað. Þar væri bæði hætta fyrir fólk og farartæki því Námakvísl getur verið erfið viðureignar.“

Hákon Ásgeirsson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, segir Vegagerðina hafa rætt hugmyndina við stofnunina. „Svo hefur farið framhjá þeim að þetta þyrfti að fara í gegnum leyfisveitingu,“ segir Hákon og bætir við að fólk átti sig ekki oft á því hvað sé leyfisskilt.

Hvorki náðist í gær tal af Svani G. Bjarnasyni, svæðisstjóra Vegagerðarinnar á Suðurlandi, né Ágústi Sigurðssyni, sveitarstjóra Rangárþings ytra sem fer með skipulagsvald á svæðinu. **gar@frettabladid.is**


Símaveski.is

Símaveski, heyrnartól, snúrur og allt fyrir símann.

Símaveski.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind


# Kaupfélag Skagfirðinga kaupir í Árvakri

**FJÖLMIÐLAR** Félagið Íslenskar sjávarafurðir, sem er í eigu Kaupfélags Skagfirðinga, hefur bætt við hlut sinn í Árvakri, útgefanda Morgunblaðsins. Félagið á nú 14,15 prósenta hlut í einkahlutafélaginu Þórsmörk, sem er eigandi Árvakurs, en átti áður rúmlega níu prósenta hlut. Félagið er þriðji stærsti eigandi Þórsmerkur.

Þá hefur hlutur Ramses II, félags í eigu Eyþórs Arnalds, fjárfestis, í Þórsmörk minnkað úr 26,62 prósentum í 22,87 prósent.

Hlutafé Árvakurs var aukið um 200 milljónir króna í sumar, en aðeins núverandi eigendur tóku þátt í hlutafjáraukningunni. Var það Kaupfélag Skagfirðinga sem lagði Árvakri til hvað mest fjármagn, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Félag Eyþórs er stærsti einstaki eigandi Þórsmerkur, en félagið fór inn í hluthafahópinn í apríl þegar það keypti eignarhluti útgerðarfélaganna Samherja, Síldarvinnslunnar og Vísis í Þórsmörk. Þá hefur félagið Laugarholt, í eigu hjónanna Þorgeirs Baldurssonar, fyrrverandi forstjóra prentsmiðjunnar Odda, og Rögnu Maríu Gunnarsdóttur, selt hlut sinn í Þórsmörk.

Félagið Hlynur A, í eigu Guðbjargar Matthíasdóttur, útgerðarkonu í Vestmannaeyjum, er næststærsti eigandi Þórsmerkur með 16,5 prósenta hlut og þá á Ísfélag Vestmannaeyja 13,4 prósenta hlut.

Tæplega fimmtíu milljóna króna tap varð af rekstri Árvakurs í fyrra, samanborið við 164 milljóna tap 2015. Tekjur félagsins jukust um níu prósent á árinu og námu 3,6 milljörðum króna, miðað við 3,1 milljarð árið 2015, en gjöld jukust um sex prósent. **– kij**

> **14,15**
> prósent er hlutur Kaupfélags Skagfirðinga í Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins.


**Eyþór Arnaldsson og Guðbjörg Matthíasdóttir eiga stærstu hlutina í Árvakri**

CITROËN

# NJÓTTU. SJÖ SÆTA SÆLA.




# CITROËN GRAND C4 PICASSO

**7 SÆTA OG SJÁLFSKIPTUR • HÁ SÆTISSTAÐA • ÞRÍR BARNASTÓLAR Í SÖMU SÆTARÖÐ**
**RISASTÓRT SKOTT • SPARNEYTINN • STÓR SNERTISKJÁR • BLUETOOTH**

**TILBOÐSVERÐ FRÁ 3.390.000 KR.**
Sjálfskipting 200.000 kr. aukalega.

citroen.is

Citroën Grand C4 Picasso er hannaður fyrir stórar fjölskyldur. Sæti fyrir sjö, þægilegt aðgengi, allir sitja hátt sem eru dásamleg gæði á langferðum og bíltúrinn verður skemmtilegri. Sætin í röðinni fyrir aftan framsætin eru í fullri stærð og vel fer um alla þá sem þú elskar mest og þrír barnabílstólar komast auðveldlega fyrir. Skottið er risastórt og auðveldlega stækkanlegt. Grand C4 Picasso er fyrir þig sem vilt komast ferða þinna með alla fjölskylduna á hagkvæman og þægilegan hátt. Ótrúleg sparneytni en sjálfskipt dísilútgáfan eyðir eingöngu 3.8 l/100 km í blönduðum akstri. Komdu með fjölskylduna, prófaðu og njóttu Grand C4 Picasso og gæðin munu hrífa þig.

**NJÓTTU CITROËN Í DAG.**

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17. Lokað á laugardögum í sumar.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI.



www.bilaland.is



NISSAN Navara NP300 Acenta+
Nýskr. 08/16, ekinn 12 þ.km, dísil, sjálfskiptur, 7 gírar.
VERÐ 6.290 þús. kr.



SUBARU Outback LUX
Nýskr. 09/14, ekinn 12 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ 4.490 þús. kr.



RENAULT Kadjar ZEN 4WD
Nýskr. 09/15, ekinn 72 þ.km, dísil, 6 gírar.
VERÐ 2.990 þús. kr.



NISSAN Qashqai Acenta 4WD
Nýskr. 03/16, ekinn 57 þ.km, dísil, 6 gírar.
VERÐ 3.390 þús. kr.



TOYOTA Auris Wagon
Nýskr. 07/15, ekinn 27 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
VERÐ 2.990 þús. kr.



HYUNDAI I10 Comfort
Nýskr. 05/16, ekinn 42 þ.km, bensín, sjálfskiptur, 4 gírar.
VERÐ 1.570 þús. kr.

ENNEMM / SÍA / NM83182

bílaland

Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is




## Erdogan til bjargar



Recep Erdogan, forseti Tyrklands, fékk höfðinglegar móttökur þegar hann lenti í Doha, höfuðborg Katar, í gær. Emírinn Tamim bin Hamad al-Thani tók vel á móti honum. Tyrkir hafa reynst mikilvægir bandamenn Katara í deilu Katars við fjögur önnur Arabaríki. Tyrkir hafa meðal annars sent þeim matvæli. NORDICPHOTOS/AFP

# Fáliðuð Persónuvernd með þrefalt fleiri mál

**Ný evrópsk persónuverndarlöggjöf sem kemur til framkvæmda á næsta ári mun gjörbreyta hlutverki Persónuverndar. Forstjórinn kallar eftir fleira starfsfólki samhliða stórauknum málafjölda sem kemur inn á borð stofnunarinnar.**

**STJÓRNSÝSLA** Fjöldi þeirra mála sem kemur á borð Persónuverndar hefur meira en þrefaldast frá því að stofnuninni var komið á fót fyrir sautján árum. Engu að síður eru starfsmenn Persónuverndar jafn margir nú og þá, sjö talsins. Forstjóri stofnunarinnar segir brýna þörf á meiri mannafla til að tryggja að hér sé tryggður stjórnarskrárvarinn réttur manna til friðhelgi einkalífs og persónuverndar.

Fram kemur í nýbirtri ársskýrslu Persónuverndar að stofnuninni hafi borist 1.865 mál í fyrra. Er það um 6,5 prósenta aukning á milli ára. Málafjöldinn hefur tvöfaldast á síðustu tíu árum.

Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, segir að umhverfi persónuverndar sé að gjörbreytast. Bæði hafi umbylting orðið í því hvernig hægt er að nálgast og safna persónuupplýsingum og gera þær upplýsingar að verðmætri söluvöru og þá komi til framkvæmda á næsta ári ný evrópsk persónuverndarlöggjöf sem feli í sér mestu breytingar sem gerðar hafa verið á regluverkinu í yfir tuttugu ár.

> Það er öllum ljóst að stjórnvöld þurfa að gefa í og það þurfi að vera eðlilegur vöxtur í starfsmannafjölda Persónuverndar.
>
> Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar



„Þessar miklu breytingar kalla óumflýjanlega á meiri aðkomu persónuverndarstofnana að mörgum málum. Við þurfum jafnframt að leggja aukna áherslu á leiðbeinandi hlutverk stofnunarinnar. Við höfum ekki náð að sinna því sem skyldi vegna fámennis. Það sama á við um alls kyns úttektir og frumkvæðisathuganir sem hafa þurft að sitja á hakanum,“ segir hún.

Hún segist hafa gert dómsmálaráðuneyti og Alþingi grein fyrir þessari stöðu.

„Það liggur fyrir að persónuverndarmálefni hafa ekki verið í forgangi hvað varðar úthlutun á fjárlögum. En nú er, vegna þessara grundvallarbreytinga sem eru að eiga sér stað, komið að kaflaskilum. Það er öllum ljóst að stjórnvöld þurfa að gefa í og það þurfi að vera eðlilegur vöxtur í starfsmannafjölda Persónuverndar miðað við umfang verkefna ef við ætlum að standa vörð um persónuvernd einstaklinga.“

Helga bendir á að aðrar evrópskar persónuverndarstofnanir séu að fjölga starfsmönnum til þess að undirbúa breytingar og aukin verkefni samkvæmt nýju löggjöfinni. Þannig sé breska persónuverndarstofnunin að fjölga starfsmönnum úr 450 í 650. Þá telji norska persónuverndarstofnunin, sem hafi sömu verkefni á sinni könnu og Persónuvernd, rúmlega fimmtíu starfsmenn.

**kristinningi@frettabladid.is**

# DORMA
Láttu drauminn rætast

**Holtagörðum**
**Smáratorgi**
**Akureyri**
**Ísafirði**

# Síðustu dagar



# Sumar útsala

## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

## AUKARÚM

Tvöfaldur fjölda gorma miðað við mörg sambærileg rúm.
Dýnan er með liðamótum,
en ekki með broti.

**Fullt verð: 59.900 kr.**



ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR

Aðeins **41.930 kr.**

## NATURE'S SUPREME

heilsurúm m/Cassic botni



Nature's Bedding

Nature's SUPREME
160 x 200 cm

**Fullt verð: 134.900 kr.**

Aðeins **94.430 kr.**

Nature's SUPREME
180 x 200 cm

**Fullt verð: 149.900 kr.**

ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR
af 160 x 200 og 180 x 200 cm

Val um svart eða hvítt PU leður
eða grátt áklæði á Classic botni.

Aðeins **104.930 kr.**



ÚTSALA 25% AFSLÁTTUR

## MEGA

hornsófi – opið horn

Ljós- og dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Hægra eða vinstra horn.
Stærð: 297 x 241 x 88 cm.

**Fullt verð: 219.900 kr.**

Aðeins **164.925 kr.**



## DALLAS

hægindastóll

Vandaður hægindastóll.
Sveif til að lyfta upp
fótaskemli er á hlið
stólsins. Leður á
slitflötum. Svartur, grár,
dökkbrúnn og rauðbrúnn.
Stærð: 82 x 96 x 103 cm

**Fullt verð 99.900**

ÚTSALA 20% AFSLÁTTUR

Aðeins **79.920 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

DORMA
Láttu drauminn rætast

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*



Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikklands. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Viðsnúningur hjá Grikkjum

**GRIKKLAND** Grísk stjórnvöld hafa áform um að sækja sér fé á alþjóðlegum fjármálamörkuðum í fyrsta sinn í meira en þrjú ár. Þau hafa ráðið sex banka til þess að sjá um skuldabréfaútgáfuna, en gefin verða út skuldabréf til fimm ára.

Skuldabréfaútgáfan markar tímamót, en Grikkir hafa á undanförnum árum staðið í harðvítugum deilum við kröfuhafa sína, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, Evrópska seðlabankann og Evrópusambandið. Kröfuhafarnir hafa veitt grískum stjórnvöldum fjölmörg neyðarlán gegn því að þau hrindi ströngum aðhaldsaðgerðum í framkvæmd.

Alþjóðlegir fjármálamarkaðir lokuðust grískum stjórnvöldum árið 2010 og þurftu þau í staðinn að reiða sig á neyðarlán kröfuhafanna til þess að geta staðið undir skuldbindingum sínum. Nú horfir hins vegar til breytinga. **– kij**

## Talibanar myrtu 26 í Pakistan

**PAKISTAN** Að minnsta kosti 26 fórust þegar sprengja sprakk í pakistönsku borginni Lahore í gær. Frá þessu greindu pakistönsk yfirvöld. Þá særðust rúmlega fimmtíu.

Talibanar í Pakistan lýstu yfir ábyrgð á árásinni, sem framin var nærri grænmetismarkaði í suðurhluta borgarinnar. Kraftur sprengingarinnar var svo mikill að rúður í nágrenninu sprungu.

Talið er að sjálfsmorðsárásarmaður hafi sprengt sig í loft upp þegar hann ók mótorhjóli sínu fram hjá lögreglumönnum sem voru að störfum á svæðinu. Eru nokkrir lögreglumenn á meðal hinna látnu.

Forseti, forsætisráðherra og yfirmaður pakistanska hersins lýstu því allir yfir í kjölfar árásarinnar að hugur þeirra væri hjá fórnarlömbunum og vottuðu aðstandendum samúð sína.

Árásin er ekki sú fyrsta sem talibanar fremja í Lahore á árinu. Felldu þeir sex í árás í apríl. **– þea**

# Svona er gjaldtakan á landinu

**Samhliða vexti ferðaþjónustunnar hér á landi hefur færst í aukana að innheimt sé gjald vegna inngöngu, salerna eða bílastæða við vinsælar náttúruperlur víða um land. Nú síðast hófst gjaldtaka við Seljalandsfoss fyrir helgi. Verið er að skoða gjaldtöku við Sólheimajökul.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Gjaldtaka hófst við bílastæði Seljalandsfoss á föstudag og hefur gengið vel að sögn Kristjáns Ólafssonar, bónda og formanns landeigendafélagsins við Seljalandsfoss. Kristján segir að verið sé að innheimta gjald til að byggja upp svæðið og varna frekari skemmdum.

Hann segist ekki vita hversu margir gestir borguðu gjald á þessum tíma, en árlega koma 600 til 800 þúsund gestir að Seljalandsfossi.

„Það var ekkert annað í boði. Við höfum sótt um í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða síðustu tvö ár og fengum neitun í bæði skiptin til að gera bílastæði og koma upp salernisaðstöðu. Rangárþing eystra hefur séð um að reka þetta svæði algjörlega og það er ekki réttlætanlegt að svona fámennt sveitarfélag standi undir svona miklum útgjöldum,“ segir Kristján.

Seljalandsfoss er sá síðasti í röð ferðamannastaða þar sem nú er rukkað annaðhvort fyrir inngöngu, bílastæði eða salernisaðstöðu. Meðal annarra staða þar sem það er gert eru Kerið, Þingvellir og Helgafell á Snæfellsnesi. Fyrir nokkrum árum hófst gjaldtaka við nokkra hella. Nú síðast hófst slík gjaldtaka í Raufarhólshelli þar sem kostar tæpar 5.000 krónur inn í sumar en hækkar í haust í 6.500 krónur.

Gjöldin hafa skilað milljónum í kassann. En á Þingvöllum skiluðu bílastæðagjöld um 70 milljónum króna á hálfsárstímabili í fyrra. Þar er rukkað um fimm hundruð krónur á hvern fólksbíl, en 3.000 fyrir rútur.

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs hefur samþykkt að hefja gjaldtöku á bílastæðum. Hún verður hafin í Skaftafelli og við Dettifoss. Síðsumars hefst gjaldtaka þjónustugjalds í Skaftafelli sem mun nema 600 krónum fyrir fólksbifreið í sólarhring. Gjaldið verður hærra fyrir rútur.

Fleiri staðir hafa skoðað að gera það en ekki fengið leyfi eða verið bannað að rukka inn eftir að gjaldtaka hófst, til að mynda Leirhnjúkur í Mývatnssveit, Geysir og Hraunfossar.

Annars staðar er gjaldtaka til athugunar, til dæmis á bílastæðum hjá Sólheimajökli. Málið er í vinnslu og ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort eða hvenær af henni verður. Einnig er unnið að gjaldtöku vegna bílastæða við Jökulsárlón.

Svo virðist sem mest sé um gjaldtöku þessa stundina á Suðurlandi, en einnig eru nokkur svæði á Vesturlandi. Lítið sem ekkert er um gjaldtökur á Austurlandi eftir því sem Fréttablaðið kemst næst. Hundrað krónu klósettgjald er við Egilsstaðastofu, en ekki virðist vera gjaldtaka við náttúruperlur á svæðinu.

**saeunn@frettabladid.is**

### Helstu gjaldtökusvæði náttúruperla

(listinn er ekki tæmandi)




**Salernisgjald:** 1 Reynisfjara 2 Gullfoss 3 Dimmuborgir 4 Hakið á Þingvöllum 5 Egilsstaðastofa




Gjaldtaka við Seljalandsfoss.

**70** milljónum króna námu tekjur af bílastæðagjöldum á Þingvöllum í fyrra.

> **Við höfum sótt um í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða síðustu tvö ár og fengum neitun.**
>
> Kristján Ólafsson, formaður landeigandafélags við Seljalandsfoss





REKSTRARVÖRUR FYRIR HEIMILIÐ

Í Rekstrarlandi fæst úrval af ræstivörum fyrir öll heimilisþrif; pappírsvörur og plastpokar, Nilfisk ryksugur, margar gerðir af gasgrillum og ýmsar gas- og grillvörur. Rekstrarland er einnig með mikið af heilbrigðisvörum, náttúruvænar bleiur og ýmsar vörur tilheyrandi umönnun barna.

Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | **Opið alla virka daga kl. 9-18**

REKSTRARLAND

# Iðnmenntaðir oft og tíðum á hærri launum

**Í mörgum tilfellum eru heildarlaun iðnmenntaðra á mánuði hærri en heildarlaun þeirra sem lokið hafa háskólanámi. Þetta á þó ekki við um allar greinar.**

**EFNAHAGSMÁL** Heildarlaun iðnmenntaðra starfsmanna eru í mörgum tilfellum hærri en heildarlaun háskólamenntaðra, þetta sýna tölur Hagstofunnar.

Eins og Fréttablaðið greindi frá er atvinnuleysi minna meðal þeirra sem lokið hafa iðnnámi heldur en stúdentsprófi, það er einnig mun minna en þeirra sem lokið hafa háskólanámi samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar.

„Við í BHM höfum margoft bent stjórnvöldum á að atvinnuleysi meðal háskólamenntaðra hefur ekki horfið eftir hrun. Það náði einhverju stigi og hefur haldist þar og það hefur verið okkur mikið áhyggjuefni,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM.

„Allt snýst þetta um fjölbreytt störf á vinnumarkaði. Fólk sækir sér menntun sem er gjaldgeng á vinnumarkaði og það segir sig sjálft að í uppgangi eins og núna hafa orðið til mörg störf í iðngreinum. Eins og atvinnuástandið hefur verið hafa ekki orðið til nógu mörg störf ætluð háskólamenntuðu fólki,“ segir Þórunn.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar sem ná yfir meðallaun í einstaka störfum árið 2015 eru heildarlaun iðnmenntaðra rafvirkja til að mynda 662 þúsund krónur á mánuði sem er 1.000 krónum meira en laun hjúkrunarfræðinga og umtalsvert hærra en laun ljósmæðra og sjúkraþjálfara sem og þeirra sem starfa við kennslu og uppeldisfræði.

Sumar greinar sem krefjast háskólamenntunar gefa hærri laun en iðngreinar en oft munar ekki miklu, til dæmis eru þeir sem starfa við sérfræðistörf við endurskoðun með 730 þúsund í heildarlaun á mánuði en þeir sem eru iðnlærðir vélvirkjar eru með 699 þúsund að meðaltali.

Í öðrum störfum sem krefjast háskólamenntunar eru töluvert hærri meðallaun en í störfum sem krefjast iðnmenntunar sé litið til heildarlauna. Læknar voru til að mynda með 1,34 milljónir í heildarlaun á mánuði árið 2015.

„Við gerum engar athugasemdir við það að aðrir hópar fái góð laun. En við minnum enn og aftur á að samkvæmt evrópskum mælingum auðgast tekjur fólks minnst á Íslandi við það að fara í framhaldsnám. Þá er verið að bera saman við ófaglærða. Sú staðreynd hefur ekki breyst í mörg ár og henni verður að breyta,“ segir Þórunn.

„Því verður að breyta af því að það verður að borga sig að fara í háskólanám. Það er ekki bara mikilvægt fyrir einstaklinginn heldur fyrir samfélag sem vill halda úti góðri almannaþjónustu.“ **saeunn@frettabladid.is**

### Heildarlaun á mánuði eftir starfi árið 2015

*Samkvæmt tölum Hagstofunnar*

| Laun | Starf |
|---|---|
| 1,34 milljónir | Sérfræðistörf við lækningar |
| 730 þúsund | Sérfræðistörf við endurskoðun |
| 661 þúsund | Störf hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra |
| 662 þúsund | Störf rafvirkja – iðnlærðir |
| 662 þúsund | Kennsla á framhaldsskólastigi |
| 640 þúsund | Sérhæfð störf við matvælaiðnað – iðnlærðir |
| 631 þúsund | Störf pípulagningamanna – iðnlærðir |
| 607 þúsund | Störf húsasmiða – iðnlærðir |
| 583 þúsund | Störf byggingarsmiða – iðnlærðir |
| 545 þúsund | Sérfræðistörf við kennslu og uppeldisfræði |
| 489 þúsund | Störf trésmiða – iðnlærðir |
| 476 þúsund | Sérfræðistörf við sjúkraþjálfun |

# Ákvörðunin kom á óvart



Halldór Benjamín Þorbergsson

**VIÐSKIPTI** Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að ógilda samruna smásölufélagsins Haga og lyfsölufélagsins Lyfju hafi komið á óvart. Hann segir að íslensk fyrirtæki verði að geta brugðist við aukinni samkeppni. Sameining sé ein leið til að ná fram hagræðingu.

Samtök atvinnulífsins hafa tekið ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá í síðustu viku til sérstakrar skoðunar. Eins og kunnugt er var niðurstaða stofnunarinnar sú að með kaupum á Lyfju hefðu Hagar styrkt markaðsráðandi stöðu sína á dagvörumarkaði. „Skaðleg samþjöppun“ hefði orðið á mörkuðum sem félögin starfa bæði á, ekki síst á hreinlætis- og snyrtivörumarkaði.

Forystumenn í atvinnulífinu hafa margir gagnrýnt niðurstöðuna. Þeir hafa bent á að vegna aukinnar netverslunar og innreiðar Costco til landsins standi íslenskar verslanir frammi fyrir breyttu samkeppnisumhverfi. Þær verði að bregðast við því, mögulega með hagræðingu og sameiningu. Áhyggjuefni sé ef Samkeppniseftirlitið ætli að standa í vegi fyrir því.

Halldór Benjamín tekur undir það. Ekki sjái fyrir endann á breytingum á samkeppnisumhverfinu. Fyrirtæki verði að geta brugðist við.

„Ég er talsmaður þess að það náist fram aukin hagræðing í íslensku atvinnulífi og sameiningar og yfirtökur eru sannarlega ein leið til þess. Aukin samkeppni og hagræðing, með stærri einingum, er það sem kemur neytendum til góða.“ **– kij**




**Mitsubishi Pajero Instyle 3.2 DID**
Árgerð 2015 / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrif
Dísil / Ekinn 83 þús. Ásett verð: 5.940.000
Tilboðsverð: 5.340.000



**Mitsubishi Outlander 7manna Instyle 2.2 DID**
Árgerð 2014 / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrif
Dísil / Ekinn 131 þús. Ásett verð: 3.220.000
Tilboðsverð: 2.850.000



**Mitsubishi Pajero Instyle 3.2 DID**
Árgerð 2015 / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrif
Dísil / Ekinn 73 þús. Ásett verð: 6.190.000
Tilboðsverð: 5.640.000

得

NOTAÐIR MITSUBISHI BÍLAR Á 100 ÁRA AFMÆLISTILBOÐI



**Mitsubishi Pajero Instyle 3.2 DID**
Árgerð 2012 / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrif
Dísil / Ekinn 121 þús. Ásett verð: 4.390.000
Tilboðsverð: 3.890.000



**Mitsubishi Outlander 4x4 Intense 2.2 DID**
Árgerð 2011 / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrif
Dísil / Ekinn 103 þús. Ásett verð: 2.890.000
Tilboðsverð: 2.250.000



**Mitsubishi Outlander 4x4 Intense 2.2 DID**
Árgerð 2014 / Sjálfskiptur / Framhjóladrif
Dísil / Ekinn 26 þús. Ásett verð: 3.950.000
Tilboðsverð: 3.450.000



**Mitsubishi Outlander 4x4 Intense 2.0**
Árgerð 2015 / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrif
Bensín / Ekinn 56 þús. Ásett verð: 3.890.000
Tilboðsverð: 3.390.000



**Mitsubishi ASX 4x4 2.2 DID**
Árgerð 2016 / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrif
Dísil / Ekinn 24 þús. Ásett verð: 3.940.000
Tilboðsverð: 3.590.000



**Mitsubishi Lancer Sedan Intense 1.8**
Árgerð 2008 / Sjálfskiptur / Framhjóladrif
Bensín / Ekinn 85 þús. Ásett verð: 1.270.000
Tilboðsverð: 920.000

MITSUBISHI MOTORS

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR

Klettháls 13 · hnb.is · 590 5040

# Að misþyrma tungumálinu



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Þegar ákveðnar starfsstéttir nota tiltekin orð í opinberri útgáfu sem eru aðeins notuð af fulltrúum stéttarinnar eru þær í reynd að ýta undir menningarlegan ójöfnuð með því að styrkja eigin stöðu og skapa um leið gjá milli sín og almennings.

Embættismenn velja oft hræðileg orð sem fáir skilja og er fjárlagafrumvarp hvers árs góður vitnisburður þess. Orð eins og viðnámsþróttur og frumjöfnuður eru ágæt dæmi. Skilur einhver þessi orð eða í hvaða samhengi þau eru notuð? Þegar við veljum orð í samskiptum við aðra þá gerum við hins vegar meira en að búa til gjá eða aðskilnað á milli okkar og þeirra. Við erum að breyta málhefðinni og þróa tungumálið. Eitt skref í einu. Þegar við slettum í útvarpinu, þegar við sendum textaskilaboð, þegar við lýsum íþróttakappleikjum, þegar við auglýsum vörur. Val okkar á orðum hefur afleiðingar. Ábyrgð okkar er því mikil.

Í sjónvarpsþáttunum Brestum sem sýndir voru á Stöð 2 leitaði Lóa Pind Aldísardóttir svara við því í einum þættinum hvort íslenskan væri í útrýmingarhættu. Hún ræddi við ýmsa sérfræðinga en líka börn á grunnskólaaldri sem eru fædd hér á landi og eiga íslenska foreldra en tala sín á milli á ensku, alla daga, allan ársins hring. Mörg börn nota ensku því enska er hið ráðandi tungumál í öllum snjalltækjum, smáforritum og tölvuleikjum. Krakkar eru þannig stöðugt undir enskum áhrifum og lifa og hrærast í tækniumhverfi sem talar ekki íslensku vegna skorts á fjárfestingu í máltækni. Alþjóðleg stórfyrirtæki hafa ekki séð ástæðu til að þróa máltækni fyrir 340 þúsund manna málsvæði. Google er undantekning vegna tveggja íslenskra sérfræðinga sem þar starfa og tóku það að sér í hjáverkum. Íslensk stjórnvöld hafa um nokkurra ára skeið reynt að vernda íslenskuna með fjárfestingu í máltækni en betur má ef duga skal.

Misþyrming íslenskra ungmenna á tungumálinu er afsakanleg en fullorðnir sem vita betur hafa enga afsökun. Þetta kom upp í hugann við lestur á verðmati sem hagfræðideild ríkisbankans Landsbankans vann á Högum hf. Í verðmatinu er fjallað um möguleg samlegðaráhrif sem gætu fylgt kaupum Haga á Olís annars vegar og Lyfju hins vegar með þessum orðum: „Helstu hagræðingarmöguleikarnir eru: hagstæðari innkaup hjá Olís og Lyfju, sameining búða, lækkun kostnaðar á headoffice og hugsanleg fækkun starfsfólks. Augljósustu hagræðingarmöguleikarnir eru í overhead, sem er þó frekar lean hjá Högum. Slíkur sparnaður er þó ekki make-it break-it á value-added í dílnum.“

Val okkar á orðum á hverjum degi hefur afleiðingar. Þegar sérfræðingar í viðskiptalífinu bera jafn litla virðingu fyrir tungumálinu og þarna birtist eru litlar líkur á því að okkur takist að vernda íslenskuna.

**Misþyrming íslenskra ungmenna á tungumálinu er afsakanleg en fullorðnir sem vita betur hafa enga afsökun.**

maria nila
STOCKHOLM



Fríða Rut Heimisdóttir
Hárgreiðslumeistari

Veldu með hjartanu 100% vegan hárvörur frá Maria Nila.
Head & Hair Heal verndar lit hársins, örvar hárvöxt og vinnur á móti hárlosi, þurrum hársverði og flösu ásamt því að vera bólgueyðandi. Sjampóið og hárnæringin eru hönnuð til daglegra nota fyrir alla.

Maskan má nota 1-2 í viku.
Allar vörurnar í línunni innihalda vegan innihaldsefni, en hvorki súlföt, paraben né aðra ofnæmisvalda.




Regalofagmenn
Regalo ehf Iceland
www.regalo.is

cruelty free and vegan
Vegan
REGISTERED WITH
LEAPING BUNNY | PETA | VEGAN SOCIETY

## Halldór




## Frá degi til dags

**Gleðitíðindi**
Væntanlega eru það gleðifréttir fyrir alla unnendur íslenskrar náttúru að friðlýsa á Jökulsárlón í dag. Þá mun Björt Ólafsdóttir umhverfisráðherra undirrita reglugerð sem felur í sér friðlýsingu lónsins og nærliggjandi svæðis. Verður svæðið hluti Vatnajökulsþjóðgarðs. Afar jákvætt verður að teljast að lónið sé friðlýst, enda náttúruperla sem ferðamenn eru margir hverjir spenntir fyrir að sækja heim. Það má vona að í framhaldi verði öryggi og umgjörð bætt á svæðinu til að fyrirbyggja slys og tjón á náttúru.

**Samþykki**
Fréttablaðið greindi frá því í gær að það færðist í aukana að fyrirtæki framkvæmdu vímuefnaskimun á starfsfólki sínu. Í gær sagði skrifstofustjóri lögfræðisviðs Persónuverndar, Þórður Sveinsson, í samtali við fréttastofu að vafi leiki á um hvort samþykki starfsmanna sé til staðar þegar slíkar skimanir eru gerðar. Varpaði Þórður þeirri spurningu fram hvort hægt væri að mæla fyrir um slíkar skimanir í kjarasamningum. Það er eflaust áhugavert umhugsunarefni fyrir hverja þá sem koma að gerð kjarasamninga og spurning hvað þyrfti til þess að starfsmenn myndu samþykkja að innleiða slíkt í kjarasamninga sína. Það sem er hins vegar ljóst er að samþykki fyrir þessum skimunum þarf að liggja fyrir, án nokkurs vafa.

thorgnyr@frettabladid.is

# Norskir eldisrisar bjargi landsbyggðinni



Gunnlaugur Stefánsson
sóknarprestur

Íslenskir umboðsmenn norskra eldisrisa boða nú að laxeldið bjargi búsetunni á landsbyggðinni. Það sögðu stjórnendur Samherja og Granda ekki þegar þeir ráku umfangsmikið fiskeldi á Austfjörðum. Þeir þekktu áhættuna og leyfðu sér ekki að beita skrumi í áróðri. Samherji batt miklar vonir við eldið og byggði t.d. stórt laxasláturhús á Norðfirði og vandaði til allra verka. En vandamálin af völdum náttúrunnar auk umtalsverðra slysasleppinga urðu til þess að eldið var lagt af.

Nú koma norskir eldisrisar aðþrengdir vegna slæmrar reynslu af eldisiðjunni fyrir lífríkið á þeirra heimaslóðum og heimta ókeypis afnot af íslenskum sjó í von um skjótfenginn gróða. Í fyrstu var fullyrt að eldið skaði ekki lífríkið. Niðurstöður vísindamanna eins og Erfðanefndar landbúnaðarins leiða annað í ljós og telja stóraukið fiskeldi hafi ófyrirséðar afleiðingar og ráðleggja stöðvun á útgáfu leyfa. Eldistækni með opnum sjókvíum er nú talin úrelt í Noregi og bönnuð þar í nýjum eldisfjárfestingum. Þá er gripið í síðasta hálmstráið og boðað að laxeldið bjargi landsbyggðinni og sjálfsagt sé að fórna minni hagsmunum fyrir stærri.

Hvaða minni hagsmunir eru hér í húfi? Það er hin óspillta náttúra sem við teljum til einstakra gæða. En það er einmitt landsbyggðarfólkið umfram aðra sem ber ábyrgð á að nýta þessi gæði af sjálfbærni og varðveita af virðingu. Viljum við fórna þeim gæðum í skiptum fyrir skjótfenginn gróða norskra eldisrisa? Það væri þó reisn yfir því, ef sveitarstjórnir eldissvæða og umhverfisstofnanir settu skilyrði um að allt eldi verði með ófrjóum fiski í lokuðum og sjálfbærum kerfum eins og víðast er nú krafist í nágrannalöndum. Myndum við leyfa geymslu kjarnorkuúrgangs í íslenskum fjörðum fyrir offjár í boði ef bjargi búsetu og lífskjörum á landsbyggðinni um ókomna framtíð?

En hvað verður ef endir af ævintýrum verður sá sami og Samherji og Grandi reyndu? Dettur nokkrum manni í hug að norskum eldisrisum þyki þá ofurvænt um íslenskt landsbyggðarfólk?

**Nú koma norskir eldisrisar aðþrengdir vegna slæmrar reynslu af eldisiðjunni fyrir lífríkið á þeirra heimaslóðum og heimta ókeypis afnot.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Hversu oft viltu borga fyrir húsið þitt?



Jóna Sólveig Elínardóttir
varaformaður Viðreisnar



Að geta safnað fyrir útborgun og komið yfir sig þaki á sanngjörnum kjörum. Að geta skipulagt fjármál heimilisins til lengri tíma. Að geta sparað fasta upphæð mánaðarlega, án þess að hún rýrni og vitað þannig hvenær ég get farið með fjölskylduna í sumarfrí. Að vita hvað matur, drykkur, gallabuxur, strigaskór, kuldagalli og allt hitt, kostar að jafnaði. Atvinnuöryggið sem felst í því að vita að vinnustaðurinn minn býr við stöðugt rekstrarumhverfi. Þetta ætti auðvitað að vera sjálfsagt í okkar heimshluta ... en það er það ekki – ekki á Íslandi. Það er ekki í boði og raunar man ekkert okkar eftir slíkum stöðugleika. Ástæðan: Krónuhagkerfið.

Þetta þýðir ekki að lífskjör séu slæm á Íslandi. Þetta þýðir að enn er verk að vinna. Og til þess erum við stjórnmálamenn kjörnir: til að gera betur. En þá þarf líka að horfast í augu við rót vandans: Krónuvandann. Þeir, sem neita að viðurkenna þá sífelldu óvissu sem krónan veldur íslenskum heimilum og fyrirtækjum, þurfa að hugsa sinn gang. Það felst enginn stöðugleiki í stöðugri óvissu.

**Þeir, sem neita að viðurkenna þá sífelldu óvissu sem krónan veldur íslenskum heimilum og fyrirtækjum, þurfa að hugsa sinn gang. Það felst enginn stöðugleiki í stöðugri óvissu.**

Það þýðir ekki lengur að bjóða Íslendingum upp á að vita ekki hvað húsið þeirra mun kosta á endanum. Það eina sem við vitum fyrir víst er að við þurfum að borga eignina margfalt, á meðan nágrannar okkar í Evrópu borga húsnæðið sitt 1,5-2 sinnum. Hér munar milljónum króna sem fólk gæti sannarlega notað í þarfari og skemmtilegri hluti en okurvaxtagreiðslur.

Þetta er ástæðan fyrir því að við í Viðreisn höfum talað og munum halda áfram að tala hátt og skýrt fyrir raunhæfum lausnum á krónuvandanum. Við munum áfram tala fyrir myntráði – að halda krónunni en binda hana við annan gjaldmiðil – og fyrir framtíðarmöguleikum þess að taka upp evru með ESB-aðild. Viðreisn mun aldrei hætta að tala og berjast fyrir stöðugleika fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu með almannahagsmuni, en ekki sérhagsmuni, að leiðarljósi.

# Hundgá og eignarréttur



Ingimundur Gíslason
augnlæknir

**Vandi er að þeir sem vilja sem mestan jöfnuð telja að allt tal um eignarrétt sé bara hægri pólitík.**

Perúanski hagfræðingurinn Hernando de Soto segir frá því fyrir skömmu í sænska dagblaðinu Dagens Industri þegar hann gekk inni á akurlendi á eyjunni Bali. Á um það bil 300 metra millibili hlupu geltandi hundar að honum og afmörkuðu þannig eignarmörk hverrar spildu akursins fyrir sig. Hið sama upplifðum við sem eldri erum hér áður fyrr. Þegar við ókum upp í sveit komu hundar hlaupandi niður að hliði á hverjum sveitabæ og geltu ákaflega. Nú á dögum er umferðin orðin það mikil að hundunum finnst ekki taka því að heilsa vegfarendum á þennan hátt. Þarna voru þeir að skilgreina eignarrétt á landi hver með sínum hætti.

De Sato segir að á þeim svæðum heimsins, þar sem eignarréttur er vel skilgreindur og varinn með lagasetningu, sé velferð mest á heimsvísu. Hér á hann við Vesturlönd þar sem búa um tveir milljarðar jarðarbúa. Þar getur fólk verið í viðskiptum án þess að þekkjast.

Í hinum hluta heimsins þar sem búa um það bil fimm milljarðar fólks er fátækt og ójöfnuður víða ríkjandi og lýðræði fótum troðið. Þar er samfélagssáttmálinn óskýr og þess vegna geta ólýðræðisleg öfl oft náð undirtökunum með vopnavaldi og mútum. Það er ekki hægt að veita einhverjum sem er óskráður lán og það er ekki hægt að kaupa fasteign, lausa vöru eða annað nema vera viss um að seljandinn eigi það sem ætlunin er að kaupa.

Vandi er að þeir sem vilja sem mestan jöfnuð telja að allt tal um eignarrétt sé bara hægri pólitík. Og þeir hafa ýmislegt til síns máls en De Soto segir að eignarrétturinn sé ávallt grunnurinn en auðvitað þarf meira til. Réttarkerfi þarf að vera í lagi og löggjöf vera til um fjármálamarkaði svo eitthvað sé talið til.

En hvað með þá sem standa höllum fæti í okkar samfélagi? Þeim er oft hægt að hjálpa með lagasetningu og starfsemi hjálparsamtaka. En ekki má gleyma að þeir eiga ekki eingöngu tækifæri til betra lífs sem launþegar. Leiðin í frumkvöðlastarfsemi með eigin atvinnurekstri er oft opin. Stundum til að byrja með í smáum stíl. Til þess að það geti gerst þarf skýr eignarréttur að vera til staðar.




GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

## María Þórisdóttir og norsku stelpurnar líka á heimleið frá EM



**Tuttugu ár síðan** Holland og Danmörk tryggðu sér í gær tvö efstu sætin í A-riðli á EM kvenna í Hollandi og þar með sæti í átta liða úrslitum. Holland vann Belgíu 2-1 og endaði með fullt hús en Danmörk vann Noreg 1-0 og sendi norsku stelpurnar bæði stigalausar og markalausar heim af EM. Þetta verður í fyrsta sinn frá 1997 sem Noregur er ekki í undanúrslitum EM. María Þórisdóttir sést hér í baráttunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS/GETTY

## EM 2017

### Stelpurnar fengu frí frá fjölmiðlum í gær



Til stóð að blaðamenn fengju að ræða við hóp leikmanna landsliðsins í gær. Landsliðsþjálfarinn Freyr Alexandersson ákvað hins vegar að gefa stelpunum frí því leikmenn þyrftu hvíld, jafnt líkamlega sem andlega.

### Nýjast

**Inkasso-deild karla**

**Fram - Leiknir R 3-0**
Fyrsti sigurinn undir stjórn Pedro Hipólító.

**HM U-21 í handbolta**

**Ísland - Króatía 26-29**
Ísland hafnaði í 2. sæti D-riðils og mætir Túnis í 16-liða úrslitum á morgun.

### Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 11.30 | Chelsea - Bayern | Sport |
| 19.00 | Víkingur Ó - Valur | Sport |
| 21.10 | Pepsimörkin | Sport |
| 00.00 | Tottenham - Roma | Sport |




# Meira framlag frá KSÍ

**Krafan um að U23-landslið kvenna verði sett á laggirnar er háværr en Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari sagðist í gær hafa barist fyrir því undanfarin ár. Þorkell Máni Pétursson segir þetta lykilatriði fyrir íslenska kvennaknattspyrnu.**

**FÓTBOLTI** Vonbrigðin voru mikil eftir að Ísland féll úr leik á EM í Hollandi á laugardagskvöld en það varð niðurstaðan eftir að stelpurnar okkar töpuðu fyrstu tveimur leikjum sínum á mótinu, gegn Frakklandi og Sviss.

Freyr Alexandersson, þjálfari íslenska liðsins, sat fyrir svörum á blaðamannafundi í Hollandi í gær og þegar talið barst að framtíð og umgjörð liðsins sagðist Freyr hafa lengi barist fyrir því að U23-landslið yrði sett á laggirnar til að brúa bilið úr U19 ára landsliðinu í A-landsliðið.

„Ef við viljum ná lengra sem fótboltaþjóð þurfa félögin að styðja þessa tillögu og stjórn KSÍ að taka ákvörðun. Þetta þarf væntanlega að fara í gegnum ársþing,“ sagði Freyr sem sagðist orðinn þreyttur á að berjast fyrir þessu einn og óstuddur.

Þess ber að geta að ekki er keppt í U21-landsliðum hjá konum og því getur verið skortur á verkefnum hjá ungum leikmönnum sem fá ekki tækifæri í A-landsliðinu.

### Skrefi á eftir þeim stóru

„Krafan um U23 lið er nauðsynleg. Við erum skrefi á eftir stóru þjóðunum og það vantar að taka síðasta skrefið. Það var áberandi í leikjunum gegn Sviss og Frakklandi,“ sagði Þorkell Máni Pétursson, fyrrverandi knattspyrnuþjálfari og sérfræðingur í Pepsi-mörkum kvenna.

Hann segir margt jákvætt við framgöngu Íslands á EM sem hægt verður að nýta í framtíðinni en kvennaknattspyrnan sé í það mikilli sókn í Evrópu að Ísland eigi á hættu að dragast aftur úr.

„Það er augljóst að mörg knattspyrnusambönd eru að leggja meira til kvennaknattspyrnunnar en áður og KSÍ verður að gera það sama. Það þarf að fjölga verkefnum og stofna U23 lið,“ segir hann.

### Á þjóðin að safna fyrir KSÍ?

Þorkell Máni nefnir að leikmenn eins og Harpa Þorsteinsdóttir og Anna Björk Kristjánsdóttir hafi lítið spilað eftir að unglingalandsliðsferli þeirra lauk. Anna Björk spilaði ekki með A-landsliðinu fyrr en fimm árum síðar og Harpa fékk fá tækifæri fyrstu árin sín með A-landsliðinu.

„Mér skilst að þetta kosti um 20 milljónir á ári og ef að KSÍ getur ekki fundið þennan pening hjá sér er ég viss um að íslenska þjóðin sé reiðubúin að fjármagna þetta sjálf. Þurfum við kannski að setja söfnun af stað?“ spyr Þorkell Máni.

„Guðni (Bergsson, formaður KSÍ) lofaði því að U23 lið yrði stofnað. Hvað varð af því loforði?“

### Geggjuð kynslóð að koma upp

Þorkell Máni segir að það sé ekki hægt að fela sig á bak við það að liðið spilaði ekki nægilega vel í leikjunum tveimur á EM til þessa.

„Maður tekur alltaf ábyrgð á sjálfum sér og kennir ekki dómaranum um, sama hversu lélegur hann kann að vera. Dómarinn tapaði ekki þessum leikjum,“ segir hann.

„Öll lið gera mistök í vörn eins og Ísland gerði í þessum leikjum. Áhyggjuefnið snýr að sóknarleiknum sem þarf að vera betri. Það vantar fleiri leikmenn sem taka af skarið. En að sama skapi sér maður að þessir leikmenn eru á leiðinni.“

Hann nefnir að Fanndís Friðriksdóttir sé ákveðnari leikmaður en hún hefur áður sýnt og að Agla María Albertsdóttir verði lykilmaður framtíðarinnar í íslensku sókninni. Sandra María Jessen og Elín Metta Jensen eigi líka bjarta framtíð. Allir þessir leikmenn spila þó á Íslandi og sagði Freyr í gær að nauðsynlegt væri að eignast fleiri leikmenn í sterkum liðum í Evrópu. Þorkell Máni tók undir það en bætti við að framtíðin sé björt.

„Sú kynslóð knattspyrnumanna sem er nú að koma upp er geggjuð, sérstaklega kvennamegin. KSÍ og félögin í landinu verða að passa vel upp á þessa krakka og gera það til að mynda með því að búa til krefjandi landsliðsverkefni fyrir ungt knattspyrnufólk. Sökin liggur ekki hjá Frey og stelpunum en menn verða að gyrða upp brækur ef við ætlum ekki að sitja eftir.“

eirikur@365.is

> **Öll lið gera mistök í vörn eins og Ísland gerði í þessum leikjum. Áhyggjuefnið snýr að sóknarleiknum sem þarf að vera betri.**
>
> Þorkell Máni Pétursson



# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 25. JÚLÍ 2017



Svölu er margt til lista lagt með fram starfi sínu á leikskólanum Hraunborg þar sem hún sinnir smáfólkinu af umhyggju og natni. Henni verður allt að vopni snortin af listagyðjunni, er afbragðs listmálari og föndrar gullfalleg tækifæriskort sem spurst hafa út á meðal manna. MYND/ANTON BRINK

# Krúttlegur hryllingur í stofunni

Í stofunni hjá Svölu Birnu Sæbjörnsdóttur býr undarleg fjölskylda og fer stækkandi. Þessi fjölskylda hefur hægt um sig þó hún sé áberandi og slær út á sumum köldum hrolli.

LÍFRÆNT NAMMI
FYRIR ÞIG OG BARNIÐ ÞITT




- GLÚTENFRÍTT
- LAKTÓSAFRÍTT
- ÁN GERVIEFNA

www.vitta.is

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is





Tannfjölskyldan varð upphaflega til úr þremur endajöxlum Svölu en síðan bættust við barnatennur úr dætrum hennar. Hún segir marga dást að verkinu en suma óa við því að tennur úr munni heimilisfólksins séu komnar í ramma eins og fínasta stofustáss. MYNDIR/ANTON BRINK

Svala var nýkomin heim úr endajaxlatöku þegar skemmtileg hugmynd kviknaði í kolli hennar.

„Þá sat ég dofin heima í stofu, með nýtekna jaxlana í poka og hugsaði með mér hvað gera skyldi við þá, enda stráheilir og fallegir með rótum. Yngri dóttir mín óskaði eftir að fá að eiga þá en mér hugnaðist það ekki og vildi eiga þá sjálf,“ segir listakonan Svala en allt verður að skarti og fegurð sem hún snertir.

„Þar sem ég horfði á jaxlana fann ég löngun til að gera þeim hátt undir höfði. Það er svo oft sem maður tímir ekki að henda hlutum sem svo lenda uppi í skáp og maður lítur ekki á meir. Því flaug mér í hug að leyfa þessum jöxlum að lifa með okkur sem sjálfstæð fjölskylda í litlu listaverki.“

Tannfjölskyldan samanstóð upphaflega af endajöxlum Svölu en síðan hafa bæst við tvær barnatennur úr munnum dætra hennar.

„Mér datt í hug að breyta jöxlunum mínum í litla, sæta karla. Þá voru þeir þrír en síðan hefur bæst við barnajaxl úr eldri dóttur minni og fyrsta barnatönnin sem sú yngri missti. Hún varð að barni í fangi frúarinnar með rósahattinn. Frúin er ég sjálf og hinar tennurnar hugsa ég sem eiginmanninn og dætur okkar tvær. Stundum spyr fólk sposkt hver sé sú fimmta, en ætli það sé ekki kettlingurinn sem bætist við fjölskylduna á næstu dögum,“ segir Svala og hlær.

### Hryllilega dúlluleg djásn

Svala tók sig til og fór í tannréttingar á fullorðinsaldri en í undirbúningi þess þurfti að draga burt endajaxlana.

„Á árum áður hafði ég þurft að láta fjarlægja endajaxl sem brotnaði í mél í meðförum þess tannlæknis. Því var ánægjulegt að hinir þrír náðust upp með rótum. Nú vantar bara fallega tönn úr heimilisföðurnum til að allir eigi sína eigin tönn í tannfjölskyldunni. Biðin eftir henni gæti þó orðið löng. Það er helst að maður eigi endajaxla eða barnatennur í fórum sínum.“

> **Frúin með rósahattinn er ég sjálf en nú vantar bara fallega tönn úr heimilisföðurnum til að allir eigi sína tönn í tannfjölskyldunni. Biðin eftir henni gæti þó orðið löng.**
>
> Svala Birna Sæbjörnsdóttir



Svala er hugmyndarík og sniðug.

Svölu langar þó að stækka fjölskylduna í stofunni og geymir barnatennur dætra sinna á vísum stað.

„Ég sé fyrir mér að fjölskyldan haldi áfram að stækka í rammanum og barnatennurnar koma mjög vel út. Ég er glöð yfir því að þessi hugmynd skyldi birtast mér því það er óneitanlega skemmtilegra og eigulegra að gera eitthvað skapandi við tennur fjölskyldunnar.

Þótt ekki fari mikið fyrir þessu litla listaverki reka allir augun í það; ekki síst eftir að ég skreytti innra byrði rammans með steinum og stráum. Margir verða þó hvumsa og hrylla sig við tilhugsuninni um að þetta séu tennur úr munni manna, en mun fleiri dást að litlu fjölskyldunni og þykja kallarnir dúllulegir og sætir. Hugmyndin er vissulega óvenjuleg en útkoman er sannkallað stofustáss og dýrmæt eftir því.“

Þegar Svala leitast eftir því hvort vinir og vandamenn eigi falar gamlar tennur er árangurinn lítill.

„Barnatennur eru flestum foreldrum dýrgripir sem þeir skiljanlega tíma ekki að láta frá sér. Mörgum fullorðnum þykir líka vænt um endajaxla sína, sem stundum þarf að taka; ekki síst ef þeir koma upp heilir og með rót. Því velti ég fyrir mér hvernig best væri að varðveita jaxlana á persónulegan hátt, og með þessu móti er komin falleg lausn til að halda tönnunum til haga um leið og hún gleður augað og alla fjölskylduna.“




# Engifer með í ferðalagið

Bragðið af engifer er líklega ekki að allra smekk, enda er það bæði sterkt og afgerandi. Hins vegar er engifer ekki aðeins gott í matargerð heldur er það til margra annarra hluta nytsamlegt. Nú þegar margir hyggja á ferðalög er t.d. gott að hafa engiferduft við höndina því komið hefur í ljós að það hefur góð áhrif gegn bíl- og sjóveiki því það á að draga verulega úr ógleði. Það ætti einnig að gagnast ófrískum konum vel sem oft þjást einmitt af ógleði á fyrstu vikum meðgöngunnar. Engifer hefur einnig þótt gott við kvefi og hálsbólgu og samkvæmt gömlu húsráði er engiferrótin þá soðin í heitu vatni sem síðan er drukkið. Einnig má saxa engiferið niður og sjóða um stund, bæta sítrónubáti saman við og dálitlu hunangi en þessi blanda ætti að draga úr einkennum kvefs.

> **Nú þegar margir hyggja á ferðalög er t.d. gott að hafa engiferduft við höndina því komið hefur í ljós að það hefur góð áhrif gegn bíl- og sjóveiki því það á að draga verulega úr ógleði.**



Engifer er allra meina bót.

BetterYou™

# Túrmerik munnúði

## Sá eini sinnar tegundar í heiminum. Hámarksupptaka þegar úðað er út í kinn.




Túrmerik eða curcumin er í hásæti bólgueyðandi efna úr náttúrunni. Það er það náttúrulega efni sem hefur hvað mest verið rannsakað og benda rannsóknir til að það sé ótrúlega öflugt gegn mörgum orsökum krónískra sjúkdóma.

Natural & Organic Awards Europe 2017
WINNER
Best New Health & Nutrition Product

Sölustaðir: Apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana

# Undir ítölskum áhrifum

Það er alltaf eitthvað sumarlegt við ítalska rétti. Þá er líka hægt að útbúa á svo margvíslegan hátt. Hér eru þrír réttir sem allir eru undir ítölskum áhrifum.



Sítrónukjúklingur eða Chicken piccata eins og rétturinn heitir.

## Ítalskur sítrónukjúklingur

Þessi réttur er mjög vinsæll á Ítalíu og eftirlæti margra. Það er auðvelt að útbúa hann og fyrr en varir er komin sumarveisla á borðið. Uppskriftin miðast við fjóra.

**2 stórar kjúklingabringur**
**Salt og nýmalaður pipar**
**Hveiti**
**6 msk. ósaltað smjör**
**5 msk. jómfrúarólífuolía**
**1/3 bolli sítrónusafi**
**½ bolli kjúklingasoð**
**¼ bolli kapers, skolað með vatni**
**1/3 bolli steinselja, smátt skorin**

Kljúfið bringurnar eftir endilöngu og berjið aðeins á þær þannig að þær verði þynnri. Kryddið með salti og pipar. Leggið bringurnar í hveiti áður en þær eru steiktar.

**» Ítalskur matur á alltaf miklum vinsældum að fagna og fellur í kramið hjá ungum sem öldnum.**

Setjið tvær matskeiðar af smjöri á heita pönnu ásamt þremur matskeiðum af olíu. Þegar smjörið er bráðnað eru bringurnar steiktar á báðum hliðum í um það bil 3 mínútur á hvorri hlið. Bætið smjöri og olíu við á pönnuna eftir því sem þarf á meðan á steikingu stendur.

Takið bringurnar af pönnunni og geymið.

Hellið sítrónusafa á sömu pönnu ásamt soðinu og kapers. Látið suðuna koma upp og skrapið botninn á pönnunni til að ná sem mestu bragði. Bætið við salti og pipar ef þarf.

Þá er kjúklingurinn lagður í sósuna á pönnunni og allt látið malla í 5 mínútur. Kjúklingurinn er aftur tekinn upp og lagður á fat. Þá er tveimur matskeiðum af smjöri bætt út í sósuna og hrært vel. Þegar sósan fær á sig fallegan blæ er henni hellt yfir kjúklingabringurnar.

Þessi uppskrift er frá sjónvarpskokkinum Giada De Laurentiis og hún mælir með Pinot Grigio hvítvíni með. Gott er að hafa sítrónusneiðar með þessum rétti og ferskan aspas eða spagettí.



Grillaðar svínakótilettur eru afar ljúffengar.

## Grillaðar svínakótilettur með tómötum og mozzarella

Svínakótilettur er auðvelt að grilla. Hér er uppskrift þar sem ítölsk áhrif eru í hávegum höfð. Ofan á kótilettunum er mozzarella, smátómatar og pestó. Mjög góður og sumarlegur réttur. Uppskriftin miðast við fjóra.

**4 svínakótilettur**
**1 tsk. salt**
**½ tsk. pipar**
**1 msk. olía til penslunar**
**1 mozzarella ostur**
**16 smátómatar**
**3 msk. grænt pestó**
**1 poki klettasalat**

Þurrkið kótiletturnar með eldhúspappír. Skerið smá rendur með beittum hníf í fituna á kjötinu. Það kemur í veg fyrir að kjötið snúi upp á sig á grillinu. Penslið kjötið með olíu á báðum hliðum og bragðbætið með salti og pipar. Vel má bæta uppáhaldskryddblöndunni á kjötið líka til að gera það bragðmeira.

Grillið kótiletturnar í 2-3 mínútur á hvorri hlið. Færið þær síðan yfir á partinn á grillinu þar sem slökkt er á brennara og leyfið þeim að hitna „óbeint“ í smá stund.

Skerið mozzarella ostinn í fjórar sneiðar og skiptið tómötunum í helminga. Hrærið tómötunum saman við pestó. Leggið sneið af mozzarella ofan á hverja kótilettu, smátómata með pestói þar ofan á og loks klettasalat. Berið fram með góðu brauði.



Spagettí með kjötbollum er uppáhaldsmatur margra.

## Ítalskar kjötbollur með pasta

Flestum þykja litlar kjötbollur góðar. Börn eru sólgin í þennan rétt. Það má nota nautahakk eða blanda það með öðrum kjöttegundum.

**400 g hakk**
**1 tsk. salt**
**½ tsk. pipar**
**½ tsk. múskat**
**1 tsk. þurrkað óreganó**
**2 msk. brauðrasp**
**1 egg**
**1 krukka góð pastatómatsósa**
**Spagettí**

Blandið saman hakki, kryddi og brauðraspi. Hærið vel saman og bætið síðan egginu saman við.

Mótið litlar kjötbollur og steikið á meðalhita á pönnu úr smjöri. Þegar þær eru vel brúnaðar er gott að velta þeim á pönnunni undir litlum hita í nokkrar mínútur til viðbótar.

Sjóðið spagettí eftir leiðbeiningum á umbúðum. Hitið upp pastasósuna. Þegar pastað er rétt soðið er því blandað saman við sósuna. Gott er að dreifa parmesanosti yfir sósuna og spagettíið. Það er þægilegt að nota tilbúna pastasósu en enn betra er að búa til sósuna sjálfur ef tími gefst til þess.



# ALLT INNIFALIÐ

MEÐ ÖLLUM OKKAR LEGSTEINUM

ATH:
Tilboð gildir út júlí




ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ
FULLBÚIN STEIN MEÐ UPPSETNINGU
AKSTURSGJALD BÆTIST VIÐ UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

## ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




Graníthöllin
Legsteinar

MÖRKINNI 4,
108 REYKJAVÍK

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

# Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

**BORGARBÍLASALAN**
580 8900 · borgarbilasalan.is



**KLÁR Í FERÐALAGIÐ**
FIAT ILUSION 780 ÁRG 2011 EK 78 Þ.KM MARKISA BAKKMYNDAVÉL STÓR ÍSSKÁPUR SÓLARSELLA ÁSETT 7.480Þ #452752. S: 6952015



**DISEL MOLINN**
2012 VOLVO XC90 R LINE 7 MANNA . EK 103 Þ.KM, DÍSEL, SJÁLFSKIPTUR 6 GÍRAR. ÁSETT 4.980Þ #452978. S: 580 8900

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

**Ertu að leita að talent?**
Við finnum starfsmanninn fyrir þig
Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**
talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**
TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

**bilauppbod.is**

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www. bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

## Bílar til sölu



Honda CRV disel árg 2005 2,2 vél ekinn 165 þúsund beinskiptur nýleg dekk skoðaður dráttarkrókur eiðslugrannur topp bíll. Tilboð 990 þús 8927852

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Bátar




**HEIMAVÍK**
Flotnet, sökknet, reynsla þekking gæði Heimavík. S. 892 8655 www. heimavik.is

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is




## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




Húsamiður getur bætt við sig vinnu. Uppl. í s. 845 2939

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA **562 8211** EURO

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is


**Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi**
**www.hagvangur.is**

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.
**Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna**
capacent
www.capacent.is

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is



## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

ir PBMS sjúkling í Mosfellsbæ vinnutími frá 08-20.30. Laun eftir taxta Eflingar. Sendið á

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.



# RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

# Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing



FAST Ráðningar

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is
www.fastradningar.is

Vissir þú að...

Barnaheill Save the Children á Íslandi

börn eiga rétt á vernd gegn klámi.



# SPENNANDI STARF

TREX er eitt stærsta rútufyrirtæki landsins, með áratuga reynslu í þjónustu við hópa, jafnt innlenda sem erlenda. TREX varð til við samruna Hópferðamiðstöðvarinnar og Vestfjarðarleiðar. Nafnið er stytting á „travel experiences" og þykir gefa góða mynd af starfsemi fyrirtækisins.

## TREX ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA FJÁRMÁLASTJÓRA

**Starfssvið**

- Umsjón með fjármálum, reikningshaldi, uppgjörum og fjárreiðum.
- Gerð fjárhagsáætlana.
- Uppsetning og skjölun á fjárhagsferlum.
- Gerð mánaðaruppgjöra, uppgjöra verkefna.
- Umsjón með innheimtumálum.
- Ábyrgð og umsjón með launaútreikningi og launagreiðslum.
- Undirbúningur bókhalds til endurskoðanda.
- Aðstoð við samningagerð og önnur fjármálatengd verkefni.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Framhaldsmenntun kostur.
- Reynsla af rekstri og fjármálastjórnun.
- Reynsla af fjármálastjórn í ferðamannaiðnaði mikill kostur.
- Mjög góð þekking og reynsla af Tok bókhaldskerfi.
- Reynsla af bókhaldi og uppgjörum.
- Góð greiningarhæfni og færni til að halda utan um töluleg gögn og miðlun upplýsinga.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Vinsamlegast sendið umsókn ásamt ferilskrá og kynningarbréfi í tölvupósti fyrir **25. júlí** 2017 á Björgu Dan: **bjorg@trex.is.**

Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.

Hesthálsi 10 - 110 Reykjavík
TEL: +354 587 6000 info@trex.is
www.trex.is

TREX Travel Experiences

ráðum ráðningarstofa

# Er verið að leita að þér?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

LEYNIR

## ÚTBOÐ:

# *Frágangur á Frístundamiðstöð*

Golfklúbburinn Leynir í samstarfi við Fasteignafélag Akraneskaupstaðar hyggst reisa Frístundamiðstöð á Garðavelli á Akranesi. Frístundamiðstöðin verður húsnæði fyrir alla aldurshópa sem stefnt er að opni í byrjun maí 2018. Húsnæðið verður 960 m2 sem skiptist í 660 m2 jarðhæð með veitinga- sal og skrifstofum, 300 m2 kjallara með innistöðu fyrir golfæfingar og aðra frístundastarfsemi.

Verktími framkvæmdar er áætlaður frá 1. október 2017 ennþá mun niðurrif og jarðvinna hefjast, og í framhaldi þess mun uppsteypuverktaki reisa einingar og steypa saman mannvirkið. Frágangsverktaki mun hefja störf um áramót og ljúka verkinu fyrir 1. maí 2018.

Mannvirkið er gert úr forsteyptum burðareiningum, meðálplötum í utanhússklæðningu. Meginþak er límtré ásamt forsmíðuðum þakeiningum. Á jarðhæð verður innri frágangur látlaus og smekklegur en einfaldur í kjallara

Golfklúbburinn Leynir í samstarfi við Fasteignafélag Akraneskaupstaðar óskar eftir áhugasömum verktökum til að taka þátt í opnu útboði á innri og ytri frágangi hússins. Verktaki mun taka við verkinu uppsteyptu og skila því fullkláruðu til verkkaupa.

Útboðsgögn eru afhent á stafrænu formi með því að sendatölvupóst á netfangið akranes.utbod@mannvit.is, þar semfram kemur heiti verks, nafn bjóðanda ásamt netfangi, nafni og símanúmer tengiliðs. Tilboð við Garðavöll **fimmtudaginn 17. ágúst kl. 11.00.**

PÓSTURINN©2017



# Niðurrif Sementsverksmiðju á Akranesi

Akraneskaupstaður óskar eftir tilboðum í niðurrif á byggingum og búnaði Sementsverksmiðjunnar á Akranesi.

Helstu stærðir:

| | |
|---|---|
| Byggingar (brúttórúmmál) | 140.000 m3 |
| Rifsvæði | 14.000 m2 |
| Fjöldi mannvirkja | 16 stk |

Verktími er til 20. ágúst 2018.

Útboðsgögn eru afhent á stafrænu formi með því að senda tölvupóst á netfangið akranes.utbod@mannvit.is, þar sem fram kemur heiti verks, nafn bjóðanda ásamt netfangi, nafni og símanúmer tengiliðs. Kynningarfundur verður á verkstað fimmtudaginn 27.júlí 2017 kl. 9:30.
Tilboð verða opnuð í ráðhúsi Akraneskaupstaðar, Stillholti 16-18, 300 Akranes, miðvikudaginn 30.ágúst 2017 kl. 11.00.

*Sviðsstjóri Skipulags- og umhverfissviðs*


Fullt af nýjum og fallegum haustvörum!
Nýjar vörur vikulega
ALVÖRU ÚTSALA!
ÚTSÖLULOK!
ALLT að 90% afsláttur af öllum útsöluvörum!
Skemmtileg götumarkaðsstemmning!
Dagana 26.júlí - 5.ágúst
ZIK ZAK
TÍSKUHÚS
Tískuhús Zik Zak
www.Facebook.com/zikzakkringlan
Kringlan 551-1314
Glerártorg 559-1314



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Böðvarsson**
frá Brennu,

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum 22. júlí. Jarðsungið verður frá Reykholtskirkju fimmtudaginn 27. júlí kl. 14.00.

**Róbert Hilmir Jónsson**
**Anna María Jónsdóttir**
**Böðvar Páll Jónsson**
**Ásthildur Björg Jónsdóttir**
**Jóhanna Kristín Egilsdóttir**
**Lilja Björk Egilsdóttir**
**Soffía Eyrún Egilsdóttir**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Helgi Stefán Veturliðason**
málarameistari,

lést þriðjudaginn 18. júlí á hjúkrunarheimilinu Boðaþingi. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 31. júlí klukkan 15. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Alzheimersamtökin.

**Anna Kristjánsdóttir**
**Hafdís Helgadóttir**
**Ingi Gunnar Ingason**
**Kristján Helgason**
**Ragnhildur Filippusdóttir**
**Anna Oddný Helgadóttir**
**Ricardo M. Villalobos**
**Viðar Helgason**
**Hulda Gísladóttir**
**Úlfar Helgason**
**Sæunn Marinósdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**





*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTFR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



Ástkær faðir okkar,

**Gísli Arason,**
Höfn, Hornafirði,

lést föstudaginn 21. júlí. Útförin fer fram frá Hafnarkirkju 31. júlí klukkan 14.00.

**Guðrún Sigríður, Sigurborg, Ingibjörg og Erna Gísladætur og fjölskyldur.**



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður og afa,

**Magnúsar Jónassonar**
Hafnarfirði.

Starfsfólki Landspítalans þökkum við kærlega fyrir góða umönnun. Sérstakar þakkir færum við hinu frábæra starfsfólki hjá Karitas fyrir ómetanlega hjálp og hlýja nærveru.

**Sigurbjörg Kristjánsdóttir**
**Trausti Magnússon**
**Hafdís Þórðardóttir**
**Anton Magnússon**
**Svanhildur Karlsdóttir**
**Jónas Magnússon**
**Chingmei Yang**
**Kristján Magnússon**
**Alexandra Björk Elfar**
**Rut Magnúsdóttir**
**Styrmir Magnússon**
**Ólöf Birna Björnsdóttir**
**Ingvar Magnússon**
**Kolbrún Björk Óladóttir**
**barnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

**Helga Sigfúsdóttir**
Furulundi 31, Akureyri,

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 28. júlí kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heimahlynningu Akureyrar.

**Rúnar Heiðar Sigmundsson**
**Gunnar Örn Rúnarsson**
**Bryndís Valgarðsdóttir**
**Sigrún Rúnarsdóttir**
**Magnús Magnússon**
**Sigmundur Ernir Rúnarsson**
**Elín Sveinsdóttir**
**Guðrún Sigfríð Rúnarsdóttir**
**Sigfús Karlsson**
**Jón Gísli Sigfússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær systir okkar og mágkona,

**Ásdís Gunnarsdóttir**
frá Hofsósi,
til heimilis í Kerlingadal,
Vík í Mýrdal,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 18. júlí. Útför hennar fer fram frá Hofsóskirkju föstudaginn 28. júlí kl. 14.

**Þóra**
**Sverrir, Guðlaug**
**Guðlaug, Sævar**
**Loftur, Erlendsína**
**Stefán og Stefanía**



Ástkær eiginkona, systir, mágkona og frænka,

**Ragnheiður Pétursdóttir Jones**

lést í Orlando þann 17. júlí síðastliðinn. Útför hefur farið fram.

**Donald Jones**
**Pétur Pétursson**
**Eiríkur Þ. Gardner**
**Gunnar H. Roach og fjölskylda**



Ástkær móðir mín, unnusta, dóttir, systir, amma, tengdamamma og frænka,

**Dusica Ristic**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 22. júlí. Útför fer fram 25. júlí frá Rétttrúnaðarkirkjunni að Öldugötu 44 milli 12 og 14 þar sem verður kveikt á kerti. Jarðsett verður í Kópavogskirkjugarði kl. 15. Erfisdrykkja verður í veislusal Breiðabliks í Smáranum eftir jarðarför.

**Damir Muminovic**
**Lena María Árnadóttir**
**Radmila Ristic**
**Dragan Jokic**
**Boban Ristic**
**Svetlana Ristic**
**Stefan Ristic**
**Vala Wium**
**Aldís Tanja Muminovic**
**og aðrir ættingjar.**



Elsku eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, tengdasonur og afi,

**Magnús Garðarsson**
tæknifræðingur,
Goðabyggð 4, Akureyri,

lést þann 20. júlí á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 28. júlí kl. 10.30.

**Barbara María Geirsdóttir**
**Geir Magnússon**
**Hildigunnur Magnúsdóttir**
**Kjartan Smári Höskuldsson**
**Aníta Magnúsdóttir**
**Arnar Þór Hansen**
**Aníta S. Björnsson**
**og barnabörn.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Gísli Torfason**
lögg. endurskoðandi,
Svöluási 11, Hafnarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 19. júlí. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 27. júlí kl. 13. Fjölskyldan vill koma á framfæri sérstökum þökkum til starfsfólks líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir einstaklega góða umönnun og hlýhug.

**Sólveig Birna Gísladóttir**
**Einar Jóhannes Lárusson**
**Loftur Bjarni Gíslason**
**Guðbjörg Sigríður Jónsdóttir**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, afi og bróðir,

**Heimir Morthens**
Vættaborgum 26, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi síðastliðinn fimmtudag. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 28. júlí kl. 13.00. Blóm afþökkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á Slysavarnafélagið Landsbjörg.

**Þóra Kristín Sigursveinsdóttir**
**Hlynur Morthens**
**Bryndís Björg Jónsdóttir**
**Bergþór Morthens**
**Elín Aðalsteinsdóttir**
**Heimir Þór Morthens**
**Tania Lind Fodilsdóttir**
**barnabörn og bræður hins látna.**



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kolbrún G. Sigurlaugsdóttir**
Vesturbergi 54, Reykjavík,

andaðist sunnudaginn 9. júlí á Landspítalanum Fossvogi. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Jón Helgi Jónsson og fjölskylda**




HÚSASMIÐJAN DORMA FIAT

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Austlæg átt 5-10 m/s, en vaxandi vindur við suður- og suðvesturströndina, stífur vindur undir Eyjafjöllum seint annað kvöld. Skýjað að mestu suðaustanlands, víða þokubakkar við austurströndina og sums staðar norðantil, en annars skýjað með köflum eða léttskýjað. Hiti 10 til 24 stig, hlýjast í innsveitum.




### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 17° | 17° | 18° |
| ← 9 | ← 3 | ↖ 8 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 16° | 17° | 17° |
| ← 7 | ← 12 | ← 2 |

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 17° | 10° | 13° |
| ← 9 | ↙ 7 | ↓ 6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 8° | 15° | 10° |
| ↓ 8 | ↙ 11 | ↙ 12 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | 6 | | 3 | 7 | | 4 |
| 1 | | 5 | 2 | | | | 9 | |
| 3 | | | | 9 | 1 | | | 2 |
| 6 | 1 | | | | | | | 7 |
| | | 3 | 8 | 4 | 6 | 1 | | |
| | | | | | 9 | | | |
| 9 | | | | 8 | | 4 | | 3 |
| | | | | | | | 5 | |
| | 2 | 6 | 1 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | | | | |
| | 8 | | 5 | | 3 | 6 | | 2 |
| | 4 | 5 | 8 | | | 7 | | 9 |
| 3 | 6 | | 4 | | | | | 1 |
| | | | 1 | | 2 | 8 | 6 | |
| 1 | | | | 7 | | | | |
| | | 2 | 7 | | 5 | | | |
| 6 | | | | | | | | 7 |
| | 5 | | | | | 9 | 8 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 7 | | 9 | | | | 4 |
| | | | 4 | | | 7 | | |
| 4 | | 6 | | 5 | | | 9 | 2 |
| 2 | | 8 | | | | | | |
| | | | 7 | | 5 | 1 | | 6 |
| | | | | 6 | | | | 9 |
| | 9 | 3 | | | 4 | 2 | | |
| | 1 | | 8 | | | 6 | | |
| | | | | | 2 | | | 1 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. ágætt
6. klafi
8. sigti
9. ílát
11. tveir eins
12. krapi
14. enda
16. gyltu
17. sérstaklega
18. fugl
20. tveir eins
21. drunur

**LÓÐRÉTT**
1. hróss
3. klaki
4. ófrægðarpappír
5. skítur
7. hænsnfugl
10. samræða
13. hólf
15. illgresi
16. verkfæri
19. fen



**LÁRÉTT:** 2. fínt, 6. ok, 8. sía, 9. fat, 11. öð, 12. slabb, 14. klára, 16. sú, 17. sér, 18. önd, 20. ff, 21. gnýr.
**LÓÐRÉTT:** 1. lofs, 3. ís, 4. níðbréf, 5. tað, 7. kalkúnn, 10. tal, 13. bás, 15. arfi, 16. sög, 19. dý.

## Skák Gunnar Björnsson

Mohrlock átti leik gegn Kramer í Varná árið 1962.

**Hvítur á leik**

**1. Dh5! g6** (1. ... Hxa1 2. Dxf7#). **2. Dd5 1-0.** Svartur getur ekki varist máti á f7 án þess að gefa hrókinn á a8. Nánar á www.skak.is.

**www.skak.is:** Lokaniðurstaðan í Hastings og Stokkhólmi.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 3 | 1 | 2 | 4 | 9 | 6 | 5 |
| 9 | 1 | 4 | 5 | 6 | 8 | 7 | 2 | 3 |
| 2 | 5 | 6 | 7 | 9 | 3 | 4 | 8 | 1 |
| 4 | 2 | 7 | 9 | 5 | 1 | 8 | 3 | 6 |
| 8 | 9 | 5 | 6 | 3 | 7 | 1 | 4 | 2 |
| 3 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 7 | 9 |
| 1 | 3 | 9 | 8 | 7 | 6 | 2 | 5 | 4 |
| 5 | 7 | 2 | 3 | 4 | 9 | 6 | 1 | 8 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 1 | 5 | 3 | 9 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 4 | 6 | 2 | 9 | 5 | 3 | 1 | 7 |
| 3 | 9 | 7 | 1 | 8 | 4 | 2 | 5 | 6 |
| 1 | 5 | 2 | 3 | 6 | 7 | 8 | 4 | 9 |
| 5 | 8 | 3 | 4 | 7 | 9 | 6 | 2 | 1 |
| 2 | 6 | 4 | 5 | 1 | 8 | 9 | 7 | 3 |
| 7 | 1 | 9 | 6 | 2 | 3 | 5 | 8 | 4 |
| 6 | 2 | 5 | 7 | 3 | 1 | 4 | 9 | 8 |
| 9 | 3 | 1 | 8 | 4 | 2 | 7 | 6 | 5 |
| 4 | 7 | 8 | 9 | 5 | 6 | 1 | 3 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 3 | 1 | 7 | 5 | 6 | 8 | 4 |
| 4 | 5 | 6 | 8 | 9 | 2 | 7 | 1 | 3 |
| 7 | 1 | 8 | 3 | 4 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 3 | 6 | 9 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 |
| 5 | 4 | 7 | 9 | 2 | 8 | 1 | 3 | 6 |
| 2 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 | 4 | 7 | 9 |
| 8 | 7 | 4 | 2 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 |
| 1 | 9 | 5 | 6 | 3 | 7 | 2 | 4 | 8 |
| 6 | 3 | 2 | 4 | 8 | 1 | 9 | 5 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman














# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 25. JÚLÍ 2017

### Uppákomur

**Hvað?** Swap till you Drop-markaður
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Loft, Bankastræti 7
Skiptimarkaður þar sem föt, bækur og annað dót fær framhaldslíf.

**Hvað?** H.A.F. Yoga // Tónlistarflæði frá DJ Yamaho
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Laugardalslaug
Haldið í útilauginni í Laugardalslaug. Allir eru velkomnir meðan pláss leyfir og aðgangseyrir ókeypis fyrir sundlaugargesti. „Vatnið er uppspretta hvíldar, vellíðunar og flæðis. Þér er boðið í einstakan tíma í H.A.F. Yoga við nýtt tónlistarflæði frá DJ Yamaho. Í lokin fer fram hugleiðsla þar sem fólk situr í grunnu lauginni og tekur inn heilandi tóna gongsins undir opnum himni. Engin fyrri reynsla nauðsynleg og fólk á öllum aldri velkomið,“ segir í tilkynningu um viðburðinn.



H.A.F. Yoga-tími verður haldinn í Laugardalslauginni í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Hvað?** Bókmenntasagan á 30 mínútum!
**Hvenær?** 14.30
**Hvar?** Kaffislippur, Mýrargata 2
Í sumar verður dagskrá á vegum Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO og Kaffislipps fyrir ferðamenn þar sem farið er yfir íslenska bókmenntasögu á 30 mínútum. Upplestur og frásagnir sem spanna allt frá Íslendingasögunum til krimmahöfunda samtímans á léttu nótunum. Hér gefst frábært tækifæri til að fræðast um íslenskar bókmenntir yfir góðu kaffi eða öðrum drykk á hamingjutilboði. Dagskráin fer fram annan hvern þriðjudag kl. 16.30 á Kaffislipp á Icelandair Hotel Marina, Mýrargötu 2-4. Sögumenn okkar eru þeir Stefán Ingvar Vigfússon og Adolf Smári Unnarsson. Dagskráin er á ensku og frítt inn.

**Hvað?** Hittingur - Muscle Car deild Kvartmíluklúbbsins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Háholt 22, 270 Mosfellsbæ.
Þriðji hittingur sumarsins hjá Muscle Car deild Kvartmíluklúbbsins. „Ein nýjung þetta árið er að við verðum með þema á rúntunum, á þessum hittingi verður þemað Ford bílar og hvetjum við eigendur þeirra bíla til að fjölmenna og að sjálfsögðu eru allir aðrir velkomnir og vonumst við til að sjá sem flesta,“ segir í tilkynningu.

**Hvað?** Dans í dimmu #96 The end of an era
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Dansverkstæðið, Skúlagata 30
Nú eru tímamót þar sem síðasti Dans í dimmu er haldinn í núverandi mynd. Í haust heldur DÍD áfram í breyttri mynd og það verður tilkynnt síðar. Á þriðjudaginn kveðjum við Dansverkstæðið með dimmu og dunandi dansi eins og við höfum gert í tæplega þrjú ár. Tíminn verður því tvöfaldur, með stuttri pásu á milli.

### Tónlist

**Hvað?** Tónleikar í tónleikaröðinni Reykjavik Classics
**Hvenær?** 12.30 og 15.30
**Hvar?** Harpa
Flytjendur eru Guðný Guðmundsdóttir, fyrrverandi konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Íslands, og Nína Margrét Grímsdóttir, píanóleikari og listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar. Þær flytja verk eftir Mozart og Kreisler á hálftíma tónleikum.

**Hvað?** Skuggamyndir frá Býzans
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bryggjan Brugghús, Grandagarður 8
Bryggjan, í samstarfi við Heimstónlistarklúbbinn, býður gestum og gangandi að hlýða á magnaða tónlist hljómsveitarinnar Byzantine Silhouette (Skuggamyndir frá Býsans). Leikin verður hressileg blanda af tónlist frá Balkanskaganum en sveitin hefur gefið út tvo geisladiska og DVD-disk og fengið frábærar viðtökur og dóma. Hljómsveitin hefur starfað frá árinu 2010 og haldið ótal tónleika úti um allt land við góðar undirtektir enda valinn maður í hverju rúmi: Haukur Gröndal á klarínett, Ásgeir Ásgeirsson á ýmis framandleg strengjahljóðfæri, Þorgrímur Jónsson á bassa og Erik Qvick á slagverk. Ókeypis aðgangur á meðan húsrúm leyfir.

**Hvað?** Íslensk sönglög
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Eldborg, Harpa
Margrét Brynjarsdóttir mezzosópran og Jóna G. Kolbrúnardóttir sópran flytja íslensk sönglög. Eva Þyri Hilmarsdóttir leikur á flygilinn.

**Hvað?** Kvartett Arnar Inga Unnsteinssonar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu 28.
Á næsta jazzkvöldi Kex hostels kemur fram bassaleikarinn Örn Ingi Unnsteinsson en hann hefur verið við nám í Þýskalandi undanfarin ár. Aðrir meðlimir kvartettsins eru hinn hálf-íslenski Stefan Karl Schmid á saxófón, Yannis Anft á hljómborð og Jan Philipp á trommur. Megnið af tónlistinni sem kvartettinn flytur er eftir Örn Inga en lög eftir aðra hljómsveitarmeðlimi fljóta einnig með. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Mugison tónleikar og grillveisla
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gamla fjósið, Vestmannaeyjar
Mugison heldur tónleika í Gamla fjósinu. Í tilefni þess verður slegið upp grillveislu fyrir tónleikana sem byrja kl. 21.00 og miðar fást á www.mugison.is. Grillveislan hefst 20.00. Grilluð lambaspjót, kartöflur, salat og sósa, verð er 2.900 kr. Kaldur á krana á tilboðsverði.

**Hvað?** Sumartónleikar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Listasafn Sigurjóns
Guðrún Ingimarsdóttir sópran, Elmar Gilbertsson tenór og Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari leika lög úr íslenskum leikverkum eftir Pál Ísólfsson, Atla Heimi Sveinsson, Jón Ásgeirsson og bræðurna Jón Múla og Jónas Árnasyni. Einnig sönglög og dúettar frá Broadway. Miðasala við innganginn og aðgangseyrir er 2.500. Tekið er við greiðslukortum




# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.25 Teen Titans Go
07.50 The Middle
08.15 Mike and Molly
08.35 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.15 Mr Selfridge
11.00 Save With Jamie
11.50 Suits
12.35 Nágrannar
13.00 X-factor UK
13.45 X-factor UK
14.55 X-factor UK
15.45 Suburgatory
16.10 Fresh off the Boat
16.35 The Simpsons
17.00 Bold and the Beautiful
17.25 Nágrannar
17.50 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Íþróttir
19.05 Ísland í sumar
19.25 Kevin Can Wait
19.45 Great News
20.10 Veep
20.40 Empire
21.25 Better Call Saul
22.15 Lucifer
23.00 Queen Sugar Magnaðir þættir sem byggðir eru á metsölubók og framleiddir af Oprah Winfrey. Þættirnir fjalla um líf þriggja afar ólíkra systkina sem taka við fjölskyldufyrirtækinu í hjarta Luisiana. Fljótlega fer að hrikta í stoðum þess þegar í ljós kemur að þeim er ekki vel tekið af öllum þeim sem koma að fyrirtækinu. Óuppgerð mál líta dagsins ljós og systkinin þurfa að taka á honum stóra sínum við að koma rekstri fyrirtækisins í réttan farveg og lífi þeirra aftur í eðlilegt horf.
23.45 The Night Shift
00.30 Orange is the New Black Fimmta þáttaröðin af þessum verðlaunaþáttum um Piper Chapman og samfanga hennar í Litchfield fangelsinu í New York. Í síðustu þáttaröð var lífið innan fangelsisveggjanna afar eldfimt og mörgum spurningum ósvarað. Ekki missa af þessum hörkuspennandi þáttum.
01.25 The Night Of
02.25 Strike Back Fjórða þáttaröðin sem byggð er á samnefndri sögu eftir fyrrum sérsveitarmann í breska hernum. Þættirnir eru framleiddir af HBO og fjalla um liðsmenn sérsveitarinnar bresku leyniþjónustunnar MI6 sem sendir eru til að vinna hættuleg verkefni um víða veröld.
03.10 Strike Back
04.00 Strike Back
04.45 Strike Back
05.30 The Middle

## STÖÐ 2 SPORT

07.35 FC Internazionale - Lyon
09.15 AS Roma - Paris St. Germain
10.55 Sumarmótin 2017
11.30 Chelsea - Bayern Munchen
13.35 1 á 1
14.00 Pepsí deild kk - Stjarnan - Grindavík
15.40 Pepsí deild kk - KA - Breiðablik
17.20 Chelsea - Bayern Munchen
19.00 Pepsí deild kk - Víkingur Ó.-Valur
21.10 Pepsímörkin 2017
22.45 Goðsagnir efstu deildar
23.35 Premier League World 2016/2017
00.00 Tottenham Hotspur - AS Roma

## STÖÐ 3

17.15 One Big Happy
17.40 Raising Hope
18.05 The New Girl
18.30 Modern Family
18.55 Curb Your Enthusiasm
19.30 Mayday
20.15 Last Man Standing
20.40 Sleepy Hollow
21.25 The Vampire Diaries
22.10 Wire
23.10 Modern Family
23.35 Curb Your Enthusiasm
00.10 Mayday
00.55 Last Man Standing
01.20 Sleepy Hollow
02.05 The Vampire Diaries
02.50 Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

07.00 Dóra könnuður
07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
07.47 Doddi litli og Eyrnastór
08.00 Áfram Diego, áfram!
08.24 Svampur Sveinsson
08.49 Lalli
08.55 Rasmus Klumpur og félagar
09.00 Lína langsokkur
09.25 Hvellur keppnisbíll
09.37 Ævintýraferðin
09.49 Gulla og grænjaxlarnir
10.00 Víkingurinn Viggó
10.11 Zigby
10.25 Stóri og Litli
10.38 Skógardýrið Húgó
11.00 Dóra könnuður
11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
11.47 Doddi litli og Eyrnastór
12.00 Áfram Diego, áfram!
12.24 Svampur Sveinsson
12.49 Lalli
12.55 Rasmus Klumpur og félagar
13.00 Lína langsokkur
13.25 Hvellur keppnisbíll
13.37 Ævintýraferðin
13.49 Gulla og grænjaxlarnir
14.00 Víkingurinn Viggó
14.11 Zigby
14.25 Stóri og Litli
14.38 Skógardýrið Húgó
15.00 Dóra könnuður
15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
15.47 Doddi litli og Eyrnastór
16.00 Áfram Diego, áfram!
16.24 Svampur Sveinsson
16.49 Lalli
16.55 Rasmus Klumpur og félagar
17.00 Lína langsokkur
17.25 Hvellur keppnisbíll
17.37 Ævintýraferðin
17.49 Gulla og grænjaxlarnir
18.00 Víkingurinn Viggó
18.11 Zigby
18.25 Stóri og Litli
18.39 Brunabílarnir
19.00 Baddi í borginni



Doddi litli og Eyrnastór kl. 07.47, 11.47 og 15.47

## GOLFSTÖÐIN

08.00 The Open Championship 2017
14.10 Golfing World 2017
15.00 The Open Championship 2017
20.00 PGA Highlights 2017
20.55 The Open Championship 2017

## BÍÓSTÖÐIN

12.30 Ingenious
14.00 Step Brothers
15.40 Just Friends
17.15 Ingenious Frábær gamanmynd frá árinu 2009. Það eru þau Dallas Roberts, Jeremy Renner og ísraelska leikkonan Ayelet Zurer sem fara með aðalhlutverkin í þessari sannsögulegu mynd um þá Matt og Sam sem eins og svo marga dreymdi um að gera það gott með því að finna upp og selja sína eigin vöru. Fyrir þann draum lögðu þeir síðan allt að veði og svo fór að þeir töpuðu öllu. En félagarnir gáfust ekki upp og þegar Matt fékk hugmynd að nýstárlegu hjálpartæki ákváðu þeir að finna leið út úr gjaldþrotinu og reyna við drauminn einu sinni enn.
18.45 Step Brothers
20.25 Just Friends
22.00 Sex and The City 2
00.25 The Expendables 3
02.30 Sabotage Hasarmynd frá árinu 2014 þar sem Arnold Schwarzenegger, Sam Worthington og Mireille Enos fara meðal annars með hlutverk. Schwarzenegger leikur foringja sérsveitar eiturlyfjadeildar lögreglunnar sem sinnir því hættulega verkefni að ráðast beint inn í greni glæpamannanna og uppræta þá og starfsemi þeirra í eitt skipti fyrir öll.
04.20 Sex and The City 2

## RÚV

15.30 HM í sundi
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Fréttir
18.10 Veður
18.15 Svíþjóð - Ítalía
21.10 Síðasta konungsríkið
22.00 Tíufréttir
22.20 Veðurfréttir
22.25 Afturgöngurnar
23.20 Skömm
23.50 Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

06.25 Síminn + Spotify
08.00 Everybody Loves Raymond
08.24 Dr. Phil
09.06 90210
09.48 Crazy Ex-Girlfriend
10.35 Síminn + Spotify
13.30 Dr. Phil
14.10 Superstore
14.34 Million Dollar Listing
15.21 American Housewife
15.45 Remedy
16.33 King of Queens
16.55 Younger
17.16 How I Met Your Mother
17.39 Dr. Phil
18.30 The Tonight Show starring Jimmy Fallon
19.10 The Late Late Show with James Corden
19.50 The Great Indoors
20.15 Royal Pains
21.00 Star
21.45 Scream Queens
22.30 Casual
23.00 The Tonight Show starring Jimmy Fallon
23.40 The Late Late Show with James Corden
00.20 CSI Miami
01.05 Code Black
01.50 Imposters
02.35 Bull
03.20 Sex & Drugs & Rock & Roll
03.50 Star
04.35 Scream Queens
05.20 Casual
05.50 Síminn + Spotify

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin





Skemmtilegir og öðruvísi þættir um Saul Goodman sem er best þekktur sem lögfræðingur Walters White í þáttaröðinni Breaking Bad.

ÞRÆLGOTT
ÞRIÐJUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

VEEP
Sjötta serían af þessum bráðfyndnu og margverðlaunuðu gamanþáttum þar sem Julia Louis-Dreyfus er í aðalhlutverki.



EMPIRE
Þriðja serían um tónlistarmógúlinn Lucious Lyon og fjölskyldu hans sem lifir og hrærist í tónlistarbransanum þar sem samkeppnin er afar hörð. Undir niðri ólgar spenna innan fjölskyldunnar því allir sækjast eftir völdum.



LUCIFER
Snýr aftur
Önnur serían af þessum mögnuðu spennuþáttum um djöfulinn sjálfan sem kom upp á yfirborð jarðar þegar hann fékk nóg af helvíti einn daginn.



BÍÓ
SEX AND THE CITY 2
Skemmtileg bíómynd um Carrie Bradshaw og skemmtilegu vinkonurnar hennar í New York sem keppast við að njóta lífsins til hins ýtrasta.



3
MAYDAY
Fyrsti þáttur
Vandaðir og afar áhrifamiklir heimildaþættir sem fjalla um flugslys, flugrán, sprengjuhótanir um borð í flugvélum og aðrar hættur sem hafa komið upp í háloftunum.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is


ÚTSALA
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR
SENDUM FRÍTT
ÚR VEFVERSLUN
ÚTSALAN Í FULLUM GANGI
NÝ VERSLUN Á SMÁRATORGI
Lín
DESIGN
SMÁRATORGI | GLERÁRTORGI | KRINGLAN | LINDESIGN.IS

# Maður á að hlakka til að fá hádegismat

„Þetta er einfaldur og klassískur réttur sem er gerður meira spennandi og auðvitað bragðbetri,“ segir yfirmatreiðslumaðurinn Fannar Arnarsson um þennan girnilega lambapottrétt. Hann segir hvern sem er geta reitt fram þennan rétt sem er tilvalinn í hádegismat.

Fannar Arnarsson, sem er stofnandi fyrirtækisins Matar Kompaní, segir fólk vera farið að gera auknar kröfur til matarins sem það fær í hádeginu. „Fólk er orðið þreytt á að borða til dæmis hefðbundið gúllas með pakkakartöflumús og frosnu grænmeti. Mötuneytismatur þarf ekki að vera bragðlaus og óspennandi. Að labba inn í mötuneyti í vinnunni og hugsa í leiðinni „jæja, ætli þetta sé ætt?“ er ekki það sem maður vill. Í hádegismatartímanum á maður að ná að slaka á og hlakka til að borða bragðgóðan og næringarríkan mat,“ segir Fannar.



> AÐ LABBA INN Í MÖTUNEYTI Í VINNUNNI OG HUGSA Í LEIÐINNI „JÆJA, ÆTLI ÞETTA SÉ ÆTT?“ ER EKKI ÞAÐ SEM MAÐUR VILL.

Fannar Arnarsson segir fólk gera miklar kröfur til hádegismatar nú til dags. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ








Lambapottréttur með mangósalsa, jógúrtsósu og grilluðu flatbrauði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## LAMBAKARRÝPOTTRÉTTUR

fyrir fjóra

**60 g lambagúllas eða læri skorið í bita**
**3 msk. karrý**
**1 msk. túrmerik**
**2 msk. kúmen**
**1 msk. kardimommuduft**
**3 msk. hunang**
**Salt eftir smekk**
**400 ml kókosmjólk**
**200 ml vatn**

Kjötið er brúnað í potti með smá ólífuolíu þar til fallegur litur næst. Öllum þurrkryddum blandað við og vökvanum.

Leyft að malla á lágum hita í klukkutíma, svo er grænmeti bætt í og leyft að malla í 30 mínútur til viðbótar.

**Grænmetisblanda**
**1 stk. sellerírót**
**2 stk. rauðrófur**

**Mangósalsa**
**2 mangó, skorin í teninga**
**5 tómatar skornir í teninga**
**1 hnefi kóríander skorið smátt**
**3 lime, börkur og safi**
**Salt eftir smekk**

**Jógúrtsósa**
**200 g grísk jógúrt**
**2 msk. hvítlauksolía**
**1 msk. hunang**
**Salt eftir smekk**

**Flatbrauð**
**Hráefni:**
**250 g hveiti**
**2 tsk. brúnn sykur**
**1 tsk. salt**
**1 tsk. ger**
**110-150 ml vatn**
**1 msk. kókosolía**

Blanda öllu saman, láta standa í 1,5 tíma móta svo stærðir og fletja út. Brauðið er grillað eða pönnusteikt


OUTLET
50-80%
afsláttur af tjöldum & útilegubúnaði
MIKIÐ ÚRVAL AF ÚTIVISTAR-FATNAÐI OG ANNARRI FERÐAVÖRU
OUTLET
KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP
Tjöld
Tjalddýnur
Svefnpokar
Bakpokar
Útilegubúnaður
Gönguskór
Regngallar
...og margt fleira
ICEWEAR
ICEWEAR
Allar flíspeysur 4990-
Allar úlpur 9990.-
Allar útivistarbuxur 4990.-
Allir vettlingar 990.-
Allar húfur 990.-
Allar barnaflíspeysur 2990.-
OUTLET
OUTLET
FÁKAFEN 9
ICEWEAR ICELAND
LAUGAVEGUR 91
KJALLARI



AUKIN ÞJÓNUSTA
VIÐ EIGENDUR VW

- Bílson er sérhæft og vottað þjónustuverkstæði sem uppfyllir allar ströngustu kröfur Volkswagen.
- Fullkomin forgreiningarstöð þar sem greina má flest allt um ástand bílsins og gæði.

Volkswagen

Við leitumst við að vera samstíga því besta í Evrópu.
Komið, sjáið og sannfærist.

bilson
- VERKSTÆÐIÐ -
Kletthálsi 9 • Sími 568 1090

Kletthálsi 9 • 110 Reykjavík • Sími 568 1090 • bilson@bilson.is • bilson.is



BRYGGJAN BRUGGHÚS
bistro & brewery

BRYGGJAN BRUGGHÚS * GRANDAGARÐI 8 101 REYKJAVÍK
456 4040 * WWW.BRYGGJANBRUGGHUS.IS



Þúsundir hafa lifað án ástar · Ekki einn án vatns
LOVE

REYKJAVIK
RAINCOATS

epal
ÚTSÖLUSTAÐIR:
HÖRPU / LAUGAVEGI

REYKJAVIK RAINCOATS - HVERFISGÖTU 82
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM - SÍMI: 571 1177



Byggðu umhverfisvænt hús
-úr krosslímdu tré

Af hverju krosslímt tré?

- Umhverfisvæn og sjálfbær framleiðsla
- Léttari en steypa
- Frábær einangrun
- Engar kuldabrýr sem bjóða heim raka og myglu
- Mjög fljótlegt að reisa
- Einstakir burðareiginleikar
- Jarðskjálftaþol eins og best getur orðið
- Þynnri veggir - meira innra rými
- Notalegt og heilsusamlegt innra umhverfi

IDEX
Smiðjuvegi 3 - 200 Kópavogur - Sími 412 1700
idex@idex.is - www.idex.is

Byggðu til framtíðar
með lausnum frá IDEX




Ólafía og Andri Már eru eigendur húðflúrstofunnar Immortal Art. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Komin aftur á fullt með nýja stofu

**Ólafía Kristjánsdóttir** og **Andri Már Engilbertsson** hafa opnað húðflúrstofuna sína aftur eftir að stofan var eyðilögð í fyrra. Þau létu það ekki stoppa sig og reksturinn er komin á fullt flug á nýjum stað.

Við fengum þetta nýja húsnæði afhent í janúar, þá tók við ferli með heilbrigðiseftirlitinu og svo framvegis. Og fljótlega eftir það vorum við komin aftur af stað,“ segir húðflúrlistakonan Ólafía Kristjánsdóttir, annar eigandi Immortal Art, um nýju stofuna sem hún og unnusti hennar, Andri Már Engilbertsson, opnuðu fyrr á árinu eftir að hafa orðið fyrir því að önnur stofa sem þau áttu var skemmd þegar sprengju var hent inn um glugga.

Nýja stofan er með öðru sniði en gengur og gerist á Íslandi og það er augljóst að mikið hefur verið lagt í að ná fram notalegu andrúmslofti. Stofan er björt og stílhrein í svart-hvítu þema og skyssur og teikningar prýða veggi. Stofan samanstendur af nokkrum herbergjum sem hægt er að loka af, skrifstofu og kaffistofu svo eitthvað sé nefnt. „Við erum með mjög svipaðan smekk, okkur finnst þessi stíll rosalega flottur og við vorum alltaf sammála um hvernig við vildum hafa stofuna okkar,“ segir Ólafía.

„Já, við vildum hafa þetta „private“-stúdíó sem þýðir að stofan er lokuð og það kemur enginn og truflar. Viðskiptavinurinn fær næði og líka listamaðurinn. Það getur sem sagt enginn bara labbað inn á stofuna,“ segir Andri um fyrirkomulagið. Þess má geta að til að komast inn á stofuna þarf að panta tíma og svo hringja dyrabjöllu þegar mætt er á staðinn. „Upplifunin fyrir kúnnann á að vera sú að hann eða hún á alla okkar athygli á meðan viðkomandi er í flúri. Og við leyfum enga gesti, þannig að kúnninn tekur ekki maka eða vini með.“ Þetta fyrirkomulag sem Andri lýsir þekkist víða erlendis. „Við sjáum að fólk kann vel að meta rólegheitin sem eru hérna og þá staðreynd að kúnninn stýrir alltaf ferðinni.“

Spurð út í hvernig var að koma rekstrinum aftur af stað eftir árásina sem þau urðu fyrir segir Ólafía: „Það gekk vel, við eigum traustan kúnnahóp.“ Ólafía og Andri vilja koma á framfæri þökkum til viðskiptavina sinna. „Við erum mjög þakklát fyrir kúnnana okkar. Þau biðu náttúrulega í nokkra mánuði á meðan við vorum að koma þessari nýju stofu af stað,“ segir Ólafía.

Þau segja hafa verið nóg að gera síðan þau opnuðu aftur. „Við eigum okkar kúnnahóp og svo kemur fólk alla leið að utan til að fá tattú eftir Ólafíu. Hún er búin að vera bæta sig alveg rosalega og þetta er farið að vekja athygli erlendis, það er til dæmis maður frá Kanada á leiðinni til okkar, hann á tvo heila daga hjá okkur og ætlar að taka alla bringuna. Svo er einn á leiðinni frá Englandi og annar frá Svíþjóð,“ segir Andri.

## Ekki eins og að fara í klippingu

Ólafía segir tattúbransann hafa verið að breytast undanfarið og hún tekur eftir því að fólk kann að meta þjónustuna á Immortal Art. „Þetta er auðvitað listform og ég tek þetta alvarlega. Þetta er vinnan mín og sömuleiðis er þetta list sem ég er að skapa. Þannig að ég vil enga truflun. Ég vil geta einbeitt mér svo útkoman verði nákvæmlega eins og hún á að vera. Ég meina, þegar þú ferð í litun og plokkun eða nudd sem dæmi þá ertu ekkert að taka vin eða maka með,“ útskýrir Ólafía. Hún segir fólk vera að fara í stór flúr í auknum mæli, og þá er mikilvægt að umhverfið sé rólegt. „Þetta er vont og þetta tekur langan tíma, þá er nauðsynlegt að allir geti einbeitt sér og slakað á.“

Andri tekur undir með Ólafíu. „Já, margt fólk er að fara í mjög stór flúr og fólk úr öllum stéttum samfélagsins er að fá sér tattú,“ segir Andri. „Það hefur átt sér stað vitundarvakning um húðflúr og listformið sem það er,“ bætir Ólafía við.

Þau taka líka eftir að fólk er almennt farið að vanda valið betur þegar kemur að húðflúri. „Fólk tekur sér tíma í að velja „artista“ sem sérhæfir sig í því sem það vill. Fólk er líka tilbúið að bíða eftir að fá tíma og þannig á það að vera. Þetta er auðvitað eitthvað sem er á þér að eilífu, þetta er ekki eins og að fara í klippingu.“

Andri og Ólafía, ásamt fleiri atvinnuhúðflúrurum, endurvöktu nýverið Facebook-hópinn Húðflúr á Íslandi og mæla með að áhugasamir skoði hann. „Þetta er vettvangur þar sem fólk getur fengið innblástur og kynnt sér hvað er að gerast í bransanum. Listamenn birta myndir í þessum hópi þannig að þeir sem eru að fara að fá sér tattú geta skoðað verk og fundið listamann sem hentar þeim. Svo er hægt að fá svör við spurningum frá sérfræðingum.“

## Fólk er oft forvitið

Spurð út í viðhorf fólks gagnvart húðflúrum segjast þau Ólafía og Andri verða vör við að þau séu að breytast. „Fólk starir alveg, ég tek eftir því. Við erum auðvitað bæði áberandi mikið flúruð og fólk er forvitið. Og það er bara allt í lagi og eðlilegt, fólk er bara áhugasamt,“ segir Ólafía.

„Ég hef fengið sérstaklega margar spurningar og athygli eftir þetta,“ segir Andri og bendir á húðflúrið á hálsi sér. „Maður fær fleiri hrós heldur en einhverja gagnrýni. En ég hef samt alveg lent í aðkasti frá ókunnugum sem spyrja mig hvað ég sé eiginlega að gera við líkama minn og eitthvað í þeim dúr. En ég meina þetta er líkaminn okkar og okkur er sama hvað öðrum finnst, fólk er misjafnt og sumir geta ekki haldið aftur af skoðunum sínum.“

## Mikilvægt að hugsa málið

Að lokum gefa þau þeim sem eru í tattúhugleiðingum ráð. „Við hvetjum fólk til að taka sér tíma og vanda valið,“ segir Ólafía. „Það er alltaf leiðinlegt að fá til sín fólk sem leitar til okkar í von um að það sé hægt að laga tattú sem það hefur fengið sér einhvers staðar annars staðar í flýti. Fólk er að gera mistök vegna þess að það er verið að drífa sig og spara peninga. Aðalmálið er að hugsa málið vandlega og finna listamann við hæfi í verkið sem getur gert tattúið sem þú vilt fá.“

**gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# ÚTSALAN ER HAFIN!

HEIMILISTÆKI · ÞVOTTAVÉLAR · KÆLISKÁPAR · UPPÞVOTTAVÉLAR
SJÓNVÖRP · HLJÓMTÆKI OG SVO MARGT FLEIRA!

**BETRA BORGAR SIG**

Opið virka daga 10 –18

RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Sæunnar Gísladóttur



# Að sjá ekki skóginn fyrir trjánum

Það er líklega enginn frasi vinsælli í dægurmenningu í dag heldur en að lifa í núinu. Hver er svo annar vinsælasti frasinn? Nú að njóta auðvitað.

Ég velti því oft fyrir mér hvað honum langafa mínum, ofvirkum sjómanni sem prjónaði sokka þá fáu tíma sem hann var í landi, hefði fundist um það að fólk þyrfti að keyra lengst út í buskann, jú eða hoppa upp í flugvél, stilla upp vel völdum mat/víni/bók til hins eins að sýna að það væri svo sannarlega að lifa í núinu og NJÓTA.

Róttæk pæling er þessi, erum við ekki bara að lifa ágætlega mikið í núinu eins og er? Mér finnst til dæmis unaður stundum að þvo og ganga frá þvotti. Þá verða föt sem mér þykir afar vænt um eins og ný og ég hlakka til að vera aftur í þeim. Ætli mér myndi finnast þetta jafn ágæt dægradvöl ef ég myndi hugsa um það hversu oft þessi endurtekning biði mín á lífsleiðinni. Það myndi svo sannarlega skemma upplifunina að hugsa allt of mikið um þetta.

Sannleikurinn er sá að við brjótum nú þegar líf okkar upp í áfanga og lifum í þeim á hverjum tíma. Það hugsa fæstir um næstu fjörutíu árin á skrifstofunni, bara um næstu mánuði fram að jólafríinu, eða sumarfríinu, eða frídögunum sem á að verja á Tenerife. Annars myndi líklega öllum fallast hendur í raunveruleikanum.

Maður þarf ekki endilega að fara neitt til að njóta eða vera í núinu. Hversdagsleikinn hefur líka upp á það að bjóða ef að maður gefur sér tíma til að sjá það.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

SUMARLEIÐIN
11 GB
ENDALAUST TAL OG SMS
FYRIR AÐEINS
2.590 KR.
Á mánuði
SKRÁÐU ÞIG Á 365.IS
365

Gerið gæða- og verðsamanburð
Sofðu betur á BODYPRINT®
Höfum opnað nýja og glæsilega vefverslun
svefnogheilsa.is
Taktu því rólega og skoðaðu vöruúrvalið okkar á netinu og gerðu hagstæð innkaup
Frí heimsending á mjúkvöru - Hagstæður flutningur á rúmum um land allt
Einstaklingsrúm kr 6.900.- / Stærri rúm og húsgögn kr. 9.900.-
Reverie BODYPRINT®
Stillanlegt hjónarúm
Reverie 3E með Bodyprint 700 heilsudýnum 2x90x200cm
Verð frá kr. 469.900.-
- Tvíhert stálgrind
- Einföld og þægileg fjarstýring
- Hljóðlátir og kraftmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.
RECOGNIZED FOR EXCELLENCE WOMEN CERTIFIED®
Reverie 3E með Memory heilsudýnum 2x90x200cm
Tilboðsverð aðeins kr. 279.960.- / Eldri gerð
Svefnsófar - Leðursófar - Hornsófar - Stólar o.fl.
Nýjar sendingar af sófum og hvíldarstólum, rúmgöflum, sófaborðum o.fl. - Full búð af nýjum og spennandi húsgögnum.
ZEC - Svefnsófi m/slitsterku tauáklæði Verð áður kr. 199.900.- Verð nú aðeins kr 169.900.- flott tilboð
Naples - leðursófi 3ja sæta kr. 199.900.- 2ja sæta kr. 169.900.-
Torino - Rafstillanlegur leður-hornsófi Verð aðeins kr. 399.900.-
Rome - Rafstillanlegur hvíldarstóll Verð áður kr. 349.900.- Verð nú aðeins kr. 244.900.- flott tilboð
Boas rafdrifni hvíldarsófinn m/leðri á slitflötum 3ja sæta sófi verð áður kr. 219.900.- Verð nú kr. 189.900.- flott tilboð
Stóll áður kr. 119.900.- án rafm.kr. 89.900.- Verð nú kr. 99.900.- án rafm. kr. 69.900.-
Ferrara - Vandaður rafstillanlegur hornsófi Verð aðeins kr. 349.900.-
Genoa -Tungusófi með slitsterku tauáklæði Verð aðeins kr. 189.900.-
Florence Hvíldarstóll m/leðri og skemli Verð áður kr. 229.900.- Verð nú aðeins kr.169.900.- flott tilboð
Vinsæli rafdrifni lyftustólinn Verð áður kr. 109.900.- Verð nú kr. 99.900.- flott tilboð
Ný sending af náttborðum og stofuborðum Mikið úrval
12 mán. VAXTALAUSAR GREIÐSLUR
Svefn & heilsa
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
Umboðsaðilar: | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum